


ÁRSSKÝRSLA 2004



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN



Málverk eftir Kristján Davíðsson 1994

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN: ÁRSSKÝRSLA 2004

Ritstjórn: Sigrún Klara Hannesdóttir (ábm.), Þorsteinn Hallgrímsson

Umbrot: Erla Bjarnadóttir

Forsíðumynd er úr íslensku galdrahandriti úr skinni, Lbs 143 8v0

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI LANDSBÓKAVARÐAR	4
Þekkingarveita á norðurslóð – Landsbókasafn í stafrænum heimi	4
STJÓRNSÝSLA	6
Safnið 10 ára.....	6
Innleiðing nýrrar stefnu.....	6
Innra starf	7
Samstarf við aðrar stofnanir.....	9
Samskipti við Háskóla Íslands	9
Samskipti við Landskerfi bókasafna	10
Erlend samskipti	10
Heimsóknir í safnið.....	10
Skipurit Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns	11
REKSTRARSVIÐ	12
Tölvuþjónusta	13
Rekstur húss og lóðar.....	14
VARÐVEISLUSVIÐ	15
Handritadeild	15
Þjóðdeild.....	19
ÞJÓNUSTUSVIÐ	22
Upplýsingadeild.....	22
Útlánadeild.....	25
LYKILTÖLUR LANDSBÓKASAFNS OG ÝMIS TÖLFRÆÐI	28

Pekkingarveita á norðurslóð

Landsbókasafn í stafrænum heimi

Safnið 10 ára

Þann 1. desember 2004 hélt Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn upp á 10 ára afmæli sitt. Safnið varð til við samruna tveggja eldri safna, Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns. Landsbókasafn var stofnað 1818 og átti sinn þátt í að styrkja almenna menntun og menningu hér á landi. Háskólabókasafn varð til árið 1940 þegar Háskóli Íslands eignaðist eigið húsnæði og safnið þjónaði þeim háskólagreinum sem kenndar voru við skólann. Um miðja síðustu öld var mjög farið að þrengja að báðum þessum söfnum og fæddist þá sú hugmynd að byggja eitt hús sem varðveita skyldi bæði söfnin. Með nýrri byggingu var leyst úr húsnæðisvanda beggja safnanna. Þjóðin eignaðist eitt gott rannsóknarbókasafn þegar flutt var í glæsilega byggingu við Birkimel sem í daglegu tali er nefnd Þjóðarboðkhláða. Nýja safnið fékk hlutverk beggja eldri safnanna, hlutverk þjóðbókasafnsins og hlutverk bókasafns Háskóla Íslands sem var eini háskólinn á þeim tíma.

Þjóðfélagslegar breytingar

Á þeim 10 árum sem safnið hefur starfað hafa orðið gífurlegar breytingar á íslensku samfélagi og þeim ytri aðstæðum sem safnið starfar við. Nægir þar að nefna miklar framfarir í upplýsingatækni sem hafa breytt allri upplýsingaöflun og miðlun. Mannleg þekking er orðin aðgengileg í gegnum netmiðla og jafnvel gamalt, prentað efni er nú í auknum mæli myndað, fært í stafrænt form og sett á Netið.

Önnur breyting á ytri starfsaðstæðum safnsins er fjölgun háskóla og stofnana sem sinna rannsóknum og nýsköpun. Þetta hefur orsakað mikla fjölgun háskólanema, bæði við Háskóla Íslands og aðra skóla á háskólastigi, aukningu rannsóknarnáms, fjölgun rannsóknarfólks sem starfar við háskólastofnanir og á nýstofnuðum fræða- og þekkingarsetrum um allt land, þróun og nýsköpun hefur aukist og í raun hefur íslenskt samfélag tekið miklum stakkaskiptum. Eftir sem áður er Landsbókasafn stærsta rannsóknarbókasafn á Íslandi með margþætt hlutverk en notendahópurinn hefur stækkað mikið. Stór hluti notenda er safninu ósýnilegur þar sem hann kemur aldrei í safnið en nýtir sér stafrænar heimildir safnsins frá vinnustað sínum eða heiman frá sér.

Pekkingarveita á norðurslóð

Upplýsingar og þekking eru orðin jafn nauðsynlegur þáttur í lífi nútímafólks og vatn og orka, og á sama hátt og allir hafa aðgang að vatni og rafmagni með nútímalegum veitukerfum ætlar safnið sér að veita þekkingu og upplýsingum til nettengdra Íslendinga í vaxandi mæli með nútímataekni. Til að hnykkja á þessari framtíðarsýn hefur Landsbókasafn sett sér stefnu þar sem áhersla er lögð á safnið sem *þekkingarveitu* sem þjónar margþættu hlutverki sínu með auknu og bættu stafrænu aðgengi. Safnið hefur að undanförunu lagt áherslu á að færa íslenskt efni í stafrænt form til þess að hægt sé að miðla því um Netið til almennings og má þar nefna t.d. Íslandskort, efni tengt Íslendingasögunum og nú síðast íslensk tímarit og dagblöð.

Hinn meginþátturinn í þekkingarveitunni er að greiða fræðasamfélaginu aðgengi að erlendum vísindaritum þar sem Ísland og Íslendingar eru sífellt að verða meiri þátttakendur á alþjóða vettvangi. Háskóli Íslands og Landsbókasafn sem safn Háskólans er stærsti áskrifandi rafrænna tímarita á landinu sem eðlilegt má teljast miðað við nemendafjölda og umfang. Landsaðgangur að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum tryggir hins vegar öllu íslensku samfélagi aðgengi að um 8000 erlendum vísindaritum á öllum sviðum mannlegrar þekkingar. Safnið hefur þjónustusamning við menntamálaráðuneytið um framkvæmd landssamninganna. Bókasöfnin í landinu fjármagna áskriftirnar en allur almennigur hefur óheftan aðgang að efninu. Hvergi annars staðar í heiminum hefur heil þjóð aðgang að slíku magni rafrænna heimilda frá sínum heimatölvum án þess að greiða fyrir afnotin sérstaklega.

Framtíðarhlutverk

Það eru einkum tvö meginverkefni sem safnið mun vinna að í næstu framtíð sem *þekkingarveita*. Annars vegar er að veita Íslendingum aukinn aðgang að menningararfinum með því að þróa áfram stafrænt þjóðbókasafn og hins vegar er að styrkja nýsköpun og þróun í samfélaginu með því að veita öllum landsmönnum gott aðgengi að vísindum og þekkingu heimsins.

Þróun stafræns þjóðbókasafns er í því fólgin að halda áfram að setja íslenskt efni og efni sem tengist Íslandi í stafrænt form og gera það aðgengilegt á Netinu. Nú þegar er mikið til af efni í stafrænu formi en eftir er að gera það leitarhæft í gegnum eina gátt, sem hægt er að kalla *þjóðbókagátt*.

Landsaðgangur að stafrænum gögnum hefur aukið mjög möguleika Íslendinga til að tileinka sér nýjustu tæki og vísindi svo að þeir geti staðið jafnfætis kollegum í öðrum löndum sem eiga aðgang að stórum bókasöfnum með ríkulegum tímaritakosti. Þessir samningar um rafrænt aðgengi á landsvísu kosta mikið fé og það eru tiltölulega fá bókasöfn í landinu sem greiða þann kostnað en allir landsmenn njóta góðs af. Vísinda- og tækniráð hefur ítrekað ályktað um mikilvægi þess að almenningur og sérfræðingar hafi aðgang að rafrænum vísindaritum. Enginn má til þess hugsa að hætt verði við þetta verkefni en fáir hafa orðið til þess að leggja þessu verkefni fjárhagslegt lið.

Allir eru sammála um að ekki sé hægt að stunda rannsóknir, fræðastörf eða nýsköpun án þess að hafa greiðan aðgang að þekkingu heimsins. Landsbókasafn hefur þar lykilhlutverki að gegna, en fleiri þurfa að koma að fjármögnun verkefna til þess Íslendingar geti haldið áfram að þróa hér þekkingarsamfélag.

Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir
landsbókavörður





Orðin og viðáttan, veggteppi eftir Synnöve Anker Aurdal
Gjöf frá norsku þjóðinni 1974

Stjórnsýsla

Stjórn

Samkvæmt lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn skipar menntamálaráðherra fimm menn í stjórn bókasafnsins og eru það: Hörður Sigurgestsson formaður, skipaður af menntamálaráðherra, tveir skipaðir að tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands, sem eru prófessorarnir Rögnvaldur Ólafsson (sem tók við af Önnu Soffiu Hauksdóttur um áramótin) og Hjalti Hugason, Vilhjálmur Lúðvíksson að tilnefningu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs, og Eydis Arnviðardóttir að tilnefningu Upplýsingar, Félags – bókasafns- og upplýsingafræða. Fulltrúi starfsmanna var Sjöfn Kristjánsdóttir fram að starfsmannafundi 11. maí en þá tók við Stefanía Arnórsdóttir. Stjórnarfundir sitja einnig að jafnaði landsbókavörður dr. Sigrún Klara Hannesdóttir, aðstoðarlandsbókavörður Þorsteinn Hallgrímsson og fjármálastjóri safnsins Edda G. Björgvinsdóttir.

Safnið 10 ára

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn var stofnað við hátíðlega athöfn 1. desember árið 1994 við samruna tveggja eldri safna, Landsbókasafns Íslands sem stofnað var 1818 og Háskólabókasafns sem stofnað var árið 1940. Í tilefni afmælis var ýmislegt á dagskrá bæði dagana fyrir og eftir afmælið og ber helst að nefna eftirfarandi:

- 1. desember var haldinn hátíðlegur með ávörpum og skemmtidagskrá. Meðal gesta sem fluttu ávörp voru menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands og Erlend Kolding Nielsen, landsbókavörður Dana. Óskar Árni Óskarsson las úr eigin verki, einnig komu fram Sigurður Flosason saxófónleikari, Gunnar Gunnarsson píanóleikari og kórinn Vox Feminae sem söng undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur.

- Málþing um framtíð þjóðbókasafna og háskólabókasafna var haldið 2. desember í Hátíðarsal

Háskóla Íslands. Fyrirlesarar voru Gerard van Trier frá Konunglega bókasafninu í Hollandi sem fjallaði um þjóðbókasöfn og hlutverk þeirra í upplýsingasamfélagi framtíðarinnar. Dr. Sarah E. Thomas yfirbókavörður frá Cornell Háskólanum í Bandaríkjunum ræddi um framtíð háskólabókasafna. Landsbókavörður Finnlands, dr. Kai Ekholm fjallaði um vandamál við að reka saman landsbókasafn og háskólabókasafn og dr. Sigrún Klara Hannesdóttir ræddi um framtíð Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Málþingið var haldið í samvinnu Landsbókasafns og Háskóla Íslands.

- Galdrahandrit. Gefin var út ljósprentun af íslensku galdrahandriti á skinni frá 17. öld og fylgir því stafrétt útgáfa og texti á nútíma stafsetningu, auk þýðinga á dönsku, ensku og þýsku. Hluti upplagsins er tölusettur.

- Þekkingarveita á norðurslóð. Gefinn var út nýr bæklingur um safnið og starfsemi þess. Bæklingurinn er á ensku og íslensku.

- Nýr vefur *timarit.is* var opnaður. Búið er að hanna nýja aðkomu að timaritagrundi þeim sem er á netinu og nær til texta allra þeirra timarita og dagblaða sem hafa verið sett í stafrænt form undir vefslóðinni *timarit.is*.

- Fundur NORON, norrænna landsbókavarda. Norrænir landsbókaverðir hittast tvisvar á ári og var þeim öllum boðið til haustfundar hér á landi og hátíðarhaldanna vegna afmælisins. Í þetta sinn var aðalviðfangsefni fundarins að ræða um framtíð þeirra verkefna sem áður voru í umsjá NORDINFO.

Innleiðing nýrrar stefnu

Áfram var haldið vinnu við að innleiða nýja stefnu og skipulag. Nýtt skipulag gekk í gildi í október 2003 og á árinu 2004 var ýmislegt gert til að fylgja eftir þeim breytingum.

Fundur með stjórnendum safnsins

Í febrúar var haldinn hálf dags fundur með þeim starfsmönnum sem eru í safnráði, eru fag- og þjónustustjórar eða gegna samræmingarhlutverki í

safninu þvert á deildir. Aðalatilgangurinn var að taka þúls á stöðu mála, greina veikleika og styrkleika í safninu og leggja niður fyrir sér næstu skref. Mjög var kallað eftir verklagsreglum og verkferlalýsingum um ýmislegt sem gert er innan húss. Einnig var bent á þörf fyrir að ljúka starfsmannaviðtölum og starfslýsingum fyrir alla starfsmenn. Gegnir er einnig mikið vandamál fyrir marga.

Viðhorfskönnun

Viðhorfskönnun var gerð í febrúar. Allir starfsmenn fengu sérstök lykilorð til að komast inn á vefsíðu og svara spurningum um viðhorf sín til breytinga og líðan í starfi. Svörunin var ekki mikil eða innan við 60%. Niðurstöðurnar voru kynntar á starfsmannafundi en meðal þess sem fólk er ánægt með er hversu aðgengilegir næstu yfirmenn eru, ánægja með að sinna viðskiptavinum safnsins og ánægja með samstarfsfólk. Það sem minnst ánægja er með eru laun, skortur á umbun fyrir árangur og einnig var kvartað yfir því að starfslýsingar hafi ekki verið endurskoðaðar og starfsmannasamtöl hafi ekki farið fram.

Innra starf

Framkvæmdaráð

Samkvæmt nýju skipulagi er í safninu framkvæmdaráð sem hittist vikulega og tekur ákvarðanir um rekstur safnsins. Í framkvæmdaráði sitja Sigrún Klara Hannesdóttir landsbókavörður, Þorsteinn Hallgrímsson aðstoðarlandsbókavörður, Edda G. Björgvinsdóttir fjármálastjóri og sviðsstjóri rekstrarsviðs, Áslaug Agnarsdóttir sviðsstjóri þjónustusviðs og Kristín Bragadóttir sviðsstjóri varðveislusviðs. Framkvæmdaráð hélt 44 vikulega fundi á árinu 2004.

Safnráð og safnráðsfundur

Í safnráði sitja 10 aðilar: sviðsstjórnarnir Áslaug Agnarsdóttir, Kristín Bragadóttir og Edda G. Björgvinsdóttir, forstöðumennirnir Halldóra Þorsteinsdóttir, Bryndís Ingvarsdóttir, Þorleifur Jónsson og Örn Hrafnkelsson, svo og Herdís Þorgrímsdóttir starfsmannastjóri, Þorsteinn Hallgrímsson aðstoðarlandsbókavörður og Sigrún Klara Hannesdóttir landsbókavörður. Hlutverk safnráðs hefur breyst eftir skipulagsbreytingar og er það nú fyrst og fremst stefnumótandi fyrir safnið í heild þar sem framkvæmdaráð hefur tekið við afgreiðslu þeirra mála sem snerta daglegan rekstur. Einn safnráðsfundur var haldinn á árinu þar sem þrjú aðalmál voru á dagskrá, þ.e. endurskoðun á stefnu safnsins, fræðslumál og gæðahandbók sem handritadeild er að vinna að. Forstöðumönnum var falið að endurskoða núverandi stefnu og koma með tillögu að nýjum áherslum.

Rekstraráætlun

Fjármál, rekstraráætlanir og forgangsroðun verkefna var í höndum hvers sviðs í fyrsta sinn á árinu 2004. Var fjárveitingum til safnsins skipt upp á milli sviðanna þriggja og hvert svið gerði jafnframt drög að

verkefnaáætlun fyrir árið til þess að fagleg ábyrgð og fjárhagsleg yfirsýn haldist í hendur. Nokkur vandamál voru í framkvæmd þessa þar sem verið var að breyta bókhaldskerfi ríkisins og ekki hægt að fá eðlilega svörun úr kerfinu.

Tímasett markmiðsáætlun

Á stjórnarfundum í mars, var lögð fram tímasett markmiðsáætlun fyrir verkefni safnsins þar sem tilteknar eru allar þær aðgerðir sem áður höfðu birst í stefnumótuninni, *Þekkingarveita á norðurlóð*. Alls voru þetta um 45 verkefni eða aðgerðir, sum í mörgum liðum. Í október var farið yfir áætlunina og kom þá í ljós að meginhluti verkefnanna var þegar kominn í framkvæmd en nokkur sem tekin voru út þóttu ekki framkvæmanleg, einkum vegna mikils kostnaðar.

Verklagsreglur og gæðahandbók

Síðastliðið vor var hafið átak sem fólst í því að búa til verklagsreglur fyrir ýmis verkferli. Í júlí var sett svæði á Inngang (innri vef safnsins) sem kallað er Gæðahandbók. Þar er safnað öllum verklagsreglum sem verða til í safninu. Á árinu 2004 voru tíu verklagsreglur frágengnar og samþykktar sem mynda fyrsta grunninn að gæðahandbók safnsins.

Starfsmannahandbók

Ný starfsmannahandbók var kynnt í upphafi árs 2004. Bókin, sem er á Inngangi, geymir allar þær reglur sem gilda um starfsemina, um réttindi og skyldur starfsmanna og þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um hvað eina. Ábyrgð á uppfærslu hennar hefur sviðsstjóri rekstrarsviðs.

Síðanefnd

Innan safnsins starfar þriggja manna síðanefnd. Í síðanefndinni sitja einn sviðsstjóri, einn forstöðumaður og einn fulltrúi starfsmanna sem kosinn er úr þeirra hópi. Síðanefnd er skipuð til tveggja ára í senn en í fyrsta sinn er hún skipuð til eins árs. Starfsmannstjóri getur vísað málum til síðanefndar telji hann ástæðu til. Á árinu 2004 bárust síðanefnd engin mál.

Skjalasafnið

Í mars fékk safnið heimsókn þriggja fulltrúa frá Þjóðskjalasafni Íslands til að fara yfir helstu verkþætti við skipulagningu skjalasafnsins. Einn starfsmaður vann í hálfu starfi fram í maí við að leita uppi söguleg skjöl í safninu og gera skýrslu um þau. Alls taldist safnið hafa um 150 hillumetra af gömlum skjölum. Sumarið 2004 voru tveir háskólastúdentar í vinnu við að pakka þessum eldri skjölum, skrá þau og koma í geymslu. Í framhaldi af því vann annar þeirra, Ásdís Paulsdóttir, við gerð skjalaflokkunarkerfis fyrir safnið með aðstoð Kristínar Ólafsdóttur frá skjalasafni heilbrigðisráðuneytisins. Var byrjað að nota þetta flokkunarkerfi síðla árs 2004 fyrir gögn safnsins en kerfið er þó ekki að fullu innleitt.

Starfsmat

Í samræmi við ákvæði kjarasamninga sem gerðir voru árið 2001 var hafist handa í safninu við að vinna starfsmat þar sem öll störf skyldu metin til eininga.

Handbókin *Skref – Notendahandbók um starfsmat* var lögð til grundvallar þessari vinnu og starfsmatsstjóri Háskólans veitti aðstoð við matið og samræmingu á niðurstöðum. Ákveðið var að Landsbókasafn yrði fyrsta stofnunin sem færi í almennt starfsmat en allar stofnanir Háskólans eiga að fara í samskonar mat á tveimur árum. Matið byggir á starfslýsingu fyrir viðkomandi starf og sérstöku eyðublaði þar sem viðkomandi starfsmaður fékk tækifæri til að tilgreina það sem telst sérstakt fyrir viðkomandi starf. Niðurstöður úr starfsmati safnsins lágu fyrir á haustdögum og í október var starfsmatinu varpað yfir í launaflokka. Kom þá í ljós að launahækkunarinnar yrðu það miklar að þær væru safninu óviðráðanlegar innan fjárlagaramma safnsins. Fékkst heimild frá menntamálaráðuneyti til að greiða út launahækkunarinnar með því skilyrði að sparað yrði í rekstrinum sambærileg upphæð á tveimur árum.

Í vikulokin

Vikulegir pistlar undir nafninu *Í vikulokin* voru sendir út allt árið og urðu þeir alls 32 á árinu. Tilgangur pistlanna er sá að veita starfsmönnum upplýsingar um það sem er að gerast á öllum sviðum safnsins og í hverjum fag- og þjónustuhópi. Allir stjórnendur og í raun allir starfsmenn safnsins hafa þarna vettvang til að vekja athygli á einhverju sem til framfara horfir en landsbókavörður er ábyrgur fyrir samningu pistilsins. Nýmæli eru t.d. hrós vikunnar sem starfsmenn geta lagt til.

Starfsmannafundir

Þrjú almennir starfsmannafundir voru haldnir, í janúar, mars og maí. Tilgangur starfsmannafunda er að efla upplýsingamiðlun innan húss og veita upplýsingar um innri mál safnsins eða athyglisverðar nýjungar innan safnsins. Efni almennra starfsmannafunda voru starfsmannahandbókin, niðurstöður viðhorfskönnunar, frásagnir af rannsóknarleyfum, og kynning á gæðahandbók og vinnslu við hana.

Starfsmannastefna

Framkvæmdaráð samþykkti starfsmannastefnu fyrir safnið í mars 2004. Þar segir í inngangi: Til þess að Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn nái fram settum markmiðum þarf stofnunin að hafa yfir að ráða hæfu og vel menntuðu starfsfólki, sem getur axlað ábyrgð og sýnt frumkvæði í starfi og geti þannig tekið virkan þátt í framþróun stofnunarinnar. Í stefnunni eru 10 ákvæði sem safnið vill setja á oddinn í samræmi við eitt aðalmarkmið safnsins, þ.e. að efla safnið sem eftirsóttan vinnustað. Ákvæðin fjalla um mannráðningar, starfslýsingar sem skuli vera til fyrir öll störf í safninu áður en til starfsins er stofnað, um endurmenntun, samskipti innan húss, starfsframa, hvatningu og umbun, stjórnun öryggismála, heilsurækt, starfsumhverfi og starfsskilyrði og starfslok.

Jafnréttisáætlun

Framkvæmdaráð safnsins samþykkt jafnréttisáætlun fyrir safnið í mars 2004 enda lagaleg skylda safnsins að hafa slíka áætlun. Áætlunin byggir á lögum nr. 96/2000

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla þar sem lagðar eru skyldur á stofnanir að hafa jafnréttisstefnu ef starfsmenn eru 25 eða fleiri. Kjarni stefnunnar er að gæta beri fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla og að hver starfsmaður verði metinn á eigin forsendum. Þannig verði tryggt að mannauður stofnunarinnar nýtist sem best. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og er það stefna safnsins að útrýma slíkri mismunun komi hún í ljós.

Geymslusafn í Mjódd

Frá 1. apríl 2004 var tekið á leigu húsnæði í Mjódd sem nota á sem geymslusafn eða bókahótel. Þetta eru rúmlega 600 fermetrar og var húsnæðið leigt til 15 ára. Fljótlega var hafist handa við að tæma geymslur sem safnið hafði víða um bæinn og setja upp hillur og búa geymslusafnið undir sitt framtíðarhlutverk. Var safnkosturinn í Laugarnesinu grísjáður áður en flutningurinn fór fram og einnig var ákveðið að velja úr geymslum innan húss það efni sem má fara á bókahótelinu til að létta á þeim. Mun geymslusafnið væntanlega létta mikið á þörfinni fyrir viðbyggingu og jafnframt verður efni sem er í geymslum betur aðgengilegt þegar búið er að koma því í hillur. Í maí var gert átak í því að setja tímarit og bækur af brettum upp í hillur í geymslusafninu.

Varðveislusafn í Reykholti

Ákvörðun var tekin árið 1998 að Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn fengi til afnota austurálmú skólahúss í Reykholti fyrir varaeintakasafn. Ljóst var að miklar lagfæringar þurfti að gera á skólahúsinu til þess að það gæti nýst og átti þeim að ljúka árið 2000. Í nóvember það ár var auglýst eftir starfsmanni til að vinna við að koma efninu fyrir í húsnæðinu og hóf hann störf í júní 2001. Unnið hefur verið markvisst að því að koma varaeintökum safnsins fyrir í húsnæðinu en sífellt hafa komið upp vandræði vegna ástands hússins. Í júní sendi stjórn safnsins ályktun til menntamálaráðherra þess efnis að óskað var eftir að ráðuneytið tæki ákvörðun um hvort óhætt væri að hafa varaeintökin í þessu húsnæði í ljósi þess að jarðhiti er undir húsinu. Ákveðið var að ekkert nýtt efni færi upp í Reykholt fyrr en ákvörðun lægi fyrir um framtíð húsnæðisins.

Rannsóknarleyfi 2004

Samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs og Félags háskólakennara og samningum annarra sambærilegra kjarafélaga er heimilt að veita starfsmönnum leyfi til framhaldsnáms eða rannsókna allt að tvo mánuði á fjögurra ára fresti. Ákveðin upphæð er á fjárlögum vegna rannsóknarleyfa starfsmanna í fjárhaglega sjálfstæðum stofnunum sem tengjast Háskóla Íslands. Á árinu 2004 sóttu alls 6 starfsmenn safnsins um styrk en þrjú fengu rannsóknarleyfi. Sem hér segir:

Herdis Þorgrímsdóttir, Einn mánuður til að kynna sér starfsmanna- og fræðslumál í Konunglega bókasafninu í Danmörku.

Ingibjörg Gísladóttir, Einn mánuður til að kynna sér meðferð smáprents í skylduskilasöfnum í Danmörku.

Þorleifur Jónsson; Tveir mánuðir til að kynna sér starfsemi þjóðdeilda í Library of Congress í Washington DC og í British Library í London

Sjálfbóðaliðar

Um árabíl hefur Guðsteinn Þengilsson unnið sem sjálfbóðaliði í handritadeild safnsins við að raða upp og skrá bréfasöfn. Við þetta vann hann allt til dauðadags árið 2004. Safnið leitaði til nokkurra bókasafnsfræðinga og annarra aðila í þeim tilgangi að fá aðstoð við verkefni hér innan húss. Fjórir sjálfbóðaliðar, Áslaug Eiríksdóttir, Jóhanna Skaftadóttir, Erla Sigþórsdóttir og Margrét Kjartansdóttir unnu við að fletta upp á ófullkomnum nafnmyndum í skráningargrunninum. Loks vann Ingibjörg Þorvaldsdóttir um skeið sem sjálfbóðaliði við að setja bréfasöfn handritadeildar í sýrufriar umbúðir. Eru öll þessi verk mjög mikils virði fyrir safnið.

Samstarf við aðrar stofnanir

Fundur með forstöðumönnum þjóðmenningarstofnana

Forstöðumenn sex stofnana sem allar teljast til þjóðmenningar hittust einu sinni til að ræða sameiginleg málefni. Þessar stofnanir eru Listasafn Íslands, Þjóðminjasafn, Þjóðskjalasafn, Stofnun Árna Magnússonar, Þjóðmenningarhús og Landsbókasafn. Á dagskrá voru ýmis atriði sem snerta allar þessar stofnanir, s.s. höfundarréttarmál, samstarf stofnana varðandi framleiðslu og sölu minjagripa og einnig var hreyft þeirri hugmynd að árlega yrði haldin ráðstefna um einhvern þátt safna í umræðunni um varðveislu menningararfsins.

Samstarf við háskólabókaverði

Bókaverðir á háskólabókasöfnum landsins hittast reglulega til að ræða sameiginleg málefni. Alls eru þetta 12 aðilar frá 10 stofnunum, þ.e. frá Kennaraháskóla Íslands (2), Háskólanum á Akureyri (2), Háskólanum í Reykjavík, Listaháskólanum í Reykjavík, Landspítala-Háskólasjúkrahúsi, Tækniskólanum, Bifröst, Hvanneyri og Hólum auk landsbókavardar. Á árinu voru haldnir þrjár samráðs og upplýsingafundir.

Samningur við Gunnarsstofu á Skriðuklaustri

Í maí var skrifað undir samstarfssamning við Gunnarsstofu á Skriðuklaustri um vinnu við skráningu á gögnum Gunnars Gunnarssonar, skálds. Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður Gunnarsstofu og Gunnar Björn Gunnarsson, barnabarn skáldsins skrifuðu undir samstarfssamninginn.

Samskipti við Háskóla Íslands

Samstarfssamningur Háskóla Íslands

Þann 18. ágúst var undirritaður samstarfssamningur Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns. Í þessum samstarfssamningi er

tekið mið af stefnumótun Landsbókasafns, *Þekkingarveita á norðurlóð*, og *Vísinda og menntastefnu Háskólans*. Samningurinn nær yfir sameiginleg markmið, samstarf um ritakaup, aðstöðu fyrir nemendur, sameiginleg starfsmanna- og fjárhagsmálefni, s.s. um rekstur útibúa og þjónustu Reiknistofnunar. Í framhaldi af samkomulaginu var skipuð samstarfsnefnd sem á að sjá um framkvæmd hans, fjalla um sameiginleg málefni og einnig á nefndin að eiga frumkvæði að endurskoðun samningsins ef ástæða þykir til. Í þessari nefnd sitja nú Þórður Kristinsson framkvæmdastjóri akademískrar stjórnsýslu og Sigrún Klara Hannesdóttir, landsbókavörður. Auk þeirra sátu í nefnd þeirri sem vann að samkomulaginu þau Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur og Áslaug Agnarsdóttir.

Skertur afgreiðslutími

Háskólaráð samþykkti í mars 2004 að fella niður fjárveitingu til safnsins að upphæð 14 milljónir frá og með 1. júlí. Þessi fjárupphæð hefur verið notuð til að hafa safnið opið á kvöldin og um helgar og dugði til að hafa safnið opið í 21 tíma utan skrifstofutíma með alls sex starfsmönnum. Viðbrögð safnsins urðu þau að afgreiðslutímum var fækkað með haustinu og urðu talsverð mótmæli meðal stúdenta út af því. Ný ákvörðun var síðan tekin í desember um að auka afgreiðslutímum og hafa safnið opið fjögur kvöld í viku til kl. 22, en skerðing afgreiðslutímans um helgar og á föstudögum hélst og sömuleiðis var mannað með fjórum starfsmönnum í stað sex áður.

Háskólafundir

Landsbókavörður á sæti á háskólafundum og árið 2004 voru haldnir þrjár fundir. Í mars var eitt mál á dagskrá, þ.e. hvort leggja skuli fyrir menntamálaráðherra að hann beiti sér fyrir breytingu á lögum sem veiti Háskólanum heimild til að innheimta gjöld af nemendum í hefðbundnu háskólanámi. Málið var ekki afgreitt. Í maí var haldinn fundur þar sem aðalefnið var Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands. Gerði landsbókavörður tillögu um að inn í grein um gæðakröfur í doktorsnámi yrði bætt ákvæði um bókasöfn eða aðgengi að vísindaritum sem skilyrði fyrir aðbúnaði og aðstöðu. Í nóvember var haldinn fundur þar sem fjallað var m.a. um starfsmannastefnu HÍ og stefnu gegn mismunun.

Deiliskipulag á háskólalóðinni

Safninu var kynnt tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir háskólasvæðið vestan Suðurgötu. Í þessum tillögum er gert ráð fyrir minni nýtingu á byggingarreit safnsins en reiknað hafði verið með í tillögum frá árinu 2000. Gerð var athugasemd við byggingarreitinn og hún send til Skrifstofu skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar.

Námskeið í bókasafns- og upplýsingafræði

Safnið hefur samþykkt að halda námskeið fyrir nemendur í bókasafn- og upplýsingafræði annað hvert ár, þar sem safnið er kynnt og kennt um helstu einkenni þess. Í janúar var haldið þriggja daga námskeið og voru skráðir rúmlega 50 nemendur. Fyrir

utan kennsluna skila þeir ritgerð eða skýrslu um einstök viðfangsefni tengd bókasafninu. Forstöðumenn safnsins önnuðust kennslu og sáu um yfirferð á nemendaverkefnum.

Samskipti við Landskerfi bókasafna

Nýr Gegnir, bókasafnskerfi fyrir allt landið

Gegnir opnaði 5. apríl 2003 með gögnum úr rúmlega 70 bókasöfnum sem áður höfðu verið í bókasafnskerfinu Feng. Eru það aðallega almennings- og skólasöfn sem eiga gríðarlega mikið magn bóka og timarita. Þegar sameiningin hafði verið gerð, hófst mikil vinna við lagfæringar og leiðréttingar á gagnasafninu. Þær lagfæringar hafa að miklu leyti verið unnar undir leiðsögn Hildar Gunnlaugsdóttur, gæðastjóra skráningar, þótt fleiri hafi komið að einstökum þáttum. Þeirri vinnu er engan veginn lokið og er því óhjákvæmilegt að sum skráningarverkefni hafa orðið að þoka fyrir vinnu við gagnasafnið. Ýmsir aðrir hnókrar komu upp á á árinu s.s. að kerfið var mjög seinvirkt um tíma en loks tókst að ráða bót á því.

Skráningarráð

Í samningum Landskerfis bókasafna hf. um sérfræðipjónustu vegna bókasafnskerfis og um afnot af kerfinu er gert ráð fyrir starfandi skráningarráði sem hafi það hlutverk að skera úr um ágreining varðandi skráningu og skráningarheimildir. Skráningarráð hefur umboð til að veita skráningarréttindi í kerfinu og afturkalla þau. Með skráningarráði starfa þrjár sérfræðingar (án atkvæðisréttar) og eru tveir af þessum þremur sérfræðingum starfsmenn Landsbókasafns en sá þriðji er starfsmaður Landskerfis. Ritstjóri efnisorða er Ragna Steinarsdóttir og ritstjóri bókfræðigrunnis Gegnis er Hildur Gunnlaugsdóttir sem annast viðvarandi gæðaeftirlit með uppbyggingu bókfræðigagna, tekur við ábendingum og tillögum frá samstarfsaðilum og leggur fyrir skráningarráð til umfjöllunar og afgreiðslu. Ritstjóri hefur umsjón með þjálfun varðandi skráningarþátt kerfisins.

Erlend samskipti

NORON

Norrænir lands- og ríkisbókaverðir hittast að jafnaði tvisvar á ári til að ræða sameiginleg hagsmunamál. Fundirnir eru haldnir í stórborgunum til skiptis. Þátttakendur eru yfirleitt átta talsins, fimm þjóðbókaverðir (Færeyjar og Grænland hafa ekki verið með) og síðan forstöðumenn þeirra þriggja embætta sem sinna bókasafnamálum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Árið 2004 voru haldnir tveir fundir, annar í Stokkhólmi og hinn í Reykjavík.

CENL – Conference of European National

Librarians

Bókaverðir í Samtökum evrópskra landsbókavarda - CENL hittast einu sinni á ári og í þetta sinn var fundurinn haldinn í Róm, 23-25. september annars

vegar í Þjóðbókasafninu í Róm og hins vegar í Vatikaninu. Rúmlega 40 landsbókaverðir sækja þennan fund en í sumum tilvikum eru tvö opinber landsbókasöfn í sama landinu og þá mæta tveir. Þetta á við t.d. um Ítalíu og Rússland. Í þetta sinn var mest rætt um skipulag CENL og svo TEL, The European Library, sem nú er komið á framkvæmdastig og TEL ME MOR sem er framhald TEL þar sem nýju Evrópusambandsþjóðirnar 10 eiga að koma inn í þetta verkefni.

CDNL – Conference of Directors of National

Libraries

Árlegur fundur þessara samtaka var haldinn í Buenos Aires í Argentínu í tengslum við þing IFLA-Alþjóðlegu bókasafnasamtakanna. Að þessu sinni vakti mikla athygli fyrirlestur Lynne Brindley sem er framkvæmdastjóri British Library: Hvers virði er þjónusta þjóðbókasafns í peningum mæld. Með rannsóknaraðferð sem kallast Contingent Evaluation var gerð Economic Impact Study þar sem notendur safnsins voru m.a. spurðir hversu miklum fjárumunum og tíma þeir eyddu í notkun á safninu og hvað þeir



Glerlistaverk eftir Gunnlaug S.E. Briem 1994

þyrftu að borga fyrir þessa sömu þjónustu ef safnið væri ekki til. Í stuttu máli var niðurstaðan sú að þótt safnið kostaði skattborgarana mikið, væri verðmætamatíð á því í augum notenda miklu meira og þau verðmæti sem safnið skilaði inn í samfélagið miklu meiri í peningum mæld en þær upphæðir sem fara í bókakaup og þjónustu.

Heimsóknir í safnið

Menntamálaráðherra

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, kom í heimsókn þann 19. febrúar ásamt aðstoðarmanni sínum Steingrími Sigurgeirssyni. Fékk hún kynningu á safninu í fyrirlestrasalnum og einnig var henni sýnt safnið.

Ítalski sendiherrann

Ítalski sendiherrann kom í heimsókn ásamt íslenskum ræðismanni Ítala á Íslandi, Péttri Björnssyni. Hann óskaði eftir tillögum frá safninu um ítalskar bækur sem safnið vanhagaði um og hann gæti ef til vill útvegað okkur.


Ritstjórn Morgunblaðsins

Ritstjórar og nokkrir stjórnendur Morgunblaðsins komu í heimsókn til að kynna sér starfsemi safnsins. Þetta voru Styrmir Gunnarsson, Ingvar Hjálmarsson, Guðbrandur Magnússon og Bylgja Birgisdóttir. Þau fengu almenna kynningu á öllum þáttum myndunar ferlisins og síðan var farið með þau í skoðunarferð um húsið.

Breski sendiherrann

Breski sendiherrann Alp Mehmet kom í heimsókn og kynnti sér starfsemi safnsins. Einnig skoðaði hann húsið og naut leiðsagnar Þorleifs Jónssonar í þjóðdeild og handritadeild.

Skipurit Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns





Kajak. Gjöf Grænlenku þjóðarinnar til Íslensku þjóðarinnar í tilefni 50 ára afmæli íslenska lýðveldisins árið 1994

Rekstrarsvið

Hlutverk

Rekstrarsvið ber ábyrgð á allri innri þjónustu safnsins, þ.e. fjármálum, starfmannamálum, almennu skrifstofuhaldi, fatavörslu, sölustarfsemi, upplýsingatækni, rekstri húss og lóðar og samningum um rekstur mótuneytis og veitingastofu. Sviðsstjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri safnsins. Á árinu var ákveðið að leggja niður fatavörslu og flytja sölustarfsemi sem þar var í útlánþjónustu. Í lok ársins var fjöldi starfsmanna 17 í 15,95 stöðugildum.


Fjármál

Rekstrar- og efnahagsreikningur 2004 liggur ekki fyrir en í töflu 13 kemur fram skipting útgjalda milli launa, ritakaupa og annarra gjalda eins og staðan er við lokagerð ársskýrslunnar. Undanfarin ár hafa verið erfið í rekstri safnsins og er uppsafnaður halli í lok árs 2004 um 30 millj. kr. Gerð hefur verið áætlun um að ná þeim halla niður á árunum 2005 og 2006.

Sjóðir og styrkir

Menningarsjóður

Menningarsjóður veitti kr. 500.000 til útgáfu á íslensku galdrandriti á skinni frá 17. öld (Lbs 143 8vo), sjá bls. 16.




Starfsmenn

Fjöldi starfsmanna safnsins er talsvert breytilegur því á vetraropnunartíma eru ávallt ráðnir starfsmenn tímabundið til að sinna kvöld- og helgarvöktum. Konur eru í miklum meirihluta, þ.e. 70% og var meðalaldur þeirra 51 ár en meðalaldur karlmannna var 46 ár, (sjá töflur neðst á síðunni).

Upplýsingatækni

Hönnunar- og forritunareining

Hlutverk einingarinnar er að hanna, forrita og innleiða upplýsingatækniverkefni í safninu. Verkefnin eru ýmist hönnuð innan safnsins eða unnin í samvinnu við aðra, einkum þjóðbókasöfn Norðurlanda. Starfsmenn voru fjórir, en einn þeirra var í 4 mánuði í San Francisco á vegum þjóðbókasafna Norðurlanda. Unnið var að fjölmörgum verkefnum á árinu samanber eftirfarandi lista yfir helstu verkefni. Sum eru ný en önnur hafa verið í vinnslu nokkurn tíma. Það er eðli verkefnanna að vinnu við þau lýkur ekki fyrir en þau eru lögð af, því eftir innleiðingu hefst viðhald og oft þarf að gera breytingar eða bæta við nýjum verkþáttum.



Verkefni sem unnið er að

Timarit og blöð - VESTNORD

Unnið hefur verið að verkefninu í nokkur ár og á árinu náðist að innleiða alla meginþætti sem ráðgerðir voru. Þar þar hæst textaleitarviðmót en textaleitin er tvískipt, annarsvegar með áherslu á *Morgunblaðið* og hinsvegar með áherslu á öll önnur rit. Vefurinn timarit.is var endurhannaður og fékk hann bæði nýtt útlit og ýmsa nýja virkni. Meðal annars geta notendur eignast eigin umsjónarsvæði þar sem þeir geta safnað saman tenglum á einstaka síður og flokkað þá.

Vefsöfnun

Í október 2003 fór starfsmaður safnsins, Kristinn Sigurðsson, til San Francisco og var þar til enda apríl 2004 og vann að þróun nýs vefsöfnunarforrits (sem kallað er Heritrix) í samstarfi við Internet Archive (IA) og önnur þjóðbókasöfn Norðurlanda. Með tilkomu Heritrix hefur orðið bylting á möguleikum safnsins til að safna efni af vefnum og á árinu var lokið fyrstu heildarsöfnun á íslenska vefnum .is sem framkvæmd hefur verið. Hefur nú byggst upp þó nokkur reynsla af söfnun íslenska vefsins og mun hún nýtast á árinu 2005 þegar þrjár heildarsafnanir eru áætlaðar. Þótt forritið virki vel þá fullnægir það ekki öllum kröfum um vefsöfnun, sérstaklega þar sem um er að ræða samfellda söfnun ákveðinna vefsetra, svo sem fréttavefja og þjóðfélagsvefja. Til að bæta þann þátt kom starfsmaður safnsins með hugmynd að viðbót við Heritrix og samþykkti IIPC haustið 2004 að styrkja smíði viðbótarpáttar við Heritrix og var þeirri vinnu að mestu lokið á árinu en eftir eru prófanir.

Aðgangur að vefsafni

Undanfarin ár hefur verið unnið í norrænni samvinnu að verkefni um að veita aðgang að vefsafni og kallast verkefnið Nordic Web Archive og lauk því formlega á árinu. Gert er ráð fyrir að á næsta ári verði hægt að skoða vefsafnið (35 milljón skjöl sem fyrsta vefsöfnunin skilaði) með NWA hugbúnaðartölunum.

Fom Íslandskort

Timabært var að endurnýja viðmót fyrsta stafræna verkefnis Landsbókasafns frá árinu 1997. Vefurinn var endurnýjaður, gagnagrunnur lagfærður og útvíkkaður og gert var umsjónarkerfi til að gera auðvelt að bæta við myndum af kortum og bæta við og breyta upplýsingum um kort.

Inngangur

Inngangur er innri vefur safnsins og var hann endurskipulagður frá grunni. Allt efni var flutt í gagnagrunn og búið til umsjónarkerfi.

Talningarvefur

Gert var vefviðmót sem leyfir starfsfólki hæða 3 og 4 að skrá inn gestafjölda. Þetta kemur í stað skráningarblaða sem hafa safnast saman í möppum.

Hvar.is

Hafin var vinna við að aðlaga umsjónarkerfi Inngangs að þörfum hvar.is. Nýtt útlit hefur verið hannað og tengt umsjónarkerfinu.

Íslensk handritaskrá

Það efni sem til var á stafrænu formi úr handritaskránni var í upphafi árs gert leitarbært á vefnum. Unnið er að verkefni sem felst í því að að skanna inn prentaðar handritaskrár og gera textann leitarbæran og vísa í myndir af viðkomandi síðu í prentaðri handritaskrá.

Bréfaskráning

Handritadeild fékk styrk úr nýsköpunarsjóði námsmanna stúdenta til að vinna um sumarið að uppbyggingu á gagnagrunni fyrir skráningu á gögnum stjórnmálamanna. Pétur Thors og Jón S. Friðriksson unnu að þessu verkefni. Verkefninu var fram haldið og þá sem verkefni um gerð skráningargrunns fyrir bréfasöfn almennt .

Fyrirhuguð verkefni

Íslensk bókaskrá

Lögboðið er að safnið skuli gefa út Íslenska bókaskrá og kom hún síðast út á prenti árið 2003 fyrir árið 2001. Ákveðið er að framvegis verði eingöngu um vefaðgang að ræða. Af ýmsum ástæðum, m.a. ástandi Gagnis, hefur lítil vinna verið lögð í þetta verkefni.

Þjóðmenningargátt

Landsbókasafn hefur í hyggju að gera Þjóðbókargátt sem gerir notendum kleift að leita á einum stað í þeim skráum sem safnið sér um og veita beinan aðgang að efninu ef það er á stafrænu formi. Hægt er að útvíkka verkefnið þannig að það verði Þjóðmenningargátt og veiti þá aðgang að efni sem er í fleiri söfnum sem veita stafrænt aðgengi að menningararfinum. Verkefnið hefur verið skilgreint en það er viðamikil og ekki ljóst um framhaldið.

Varðveisla útgefins stafræns efnis

Það er ekki sjálfgefið að útgefið stafrænt efni varðveitist til framtíðar. Útgefið stafrænt efni er skilaskyld á Íslandi en óviða annars staðar. Til að varðveita útgefið stafrænt efni verður að sjá til þess að það sé vistað á öruggum stað, að það sé aðgengilegt og að það sé finnanlegt. Þetta kallar á nýjar aðferðir og nýja hugsun varðandi útgáfu þessa efnis.

Tölvuþjónusta

Hlutverk einingarinnar er að sjá um að tölvur og tölvukerfi safnsins séu í góðu lagi, þannig að starfsmenn geti sem best stundað sína vinnu og að safngestir fái sem besta þjónustu. Tölvukerfi safnsins hefur vaxið töluvert á undanförunum árum og ljóst er að þörf er á sérstöku eftirlits og umsjónarkerfi og er stefnt að uppsetningu á því á næsta ári. Starfsmenn einingarinnar voru tveir.

Á árinu hefur verið mikil endurnýjun á netþjónum og útstöðvum og má segja að kynslóðaskipti hafi orðið. Varðveisluverkefni safnsins krefjast mikils búnaðar við myndatöku, úrvinnslu mynda, varðveislufnensins á diskum og aðgangs um Vefinn. Núverandi vélbúnaður annar varla afköstum við skönnun á efni.

og þörf er á að endurnýja vinnslulínu fyrir stafræna endurgerð. Vefsöfnun gerir miklar kröfur um vélbúnað, sérstaklega fyrir varðveislu gagna, en allt efni íslenska vefsins tekur mikið pláss (um 800 Gb hver söfnun) og fjárfesti safnið í 2 diskastæðum á sl. ári til að varðveita vefsafnið.

Kerfisstjórnun fer núna fram á nokkrum þjónum í stað eins áður og bætir það rekstraröryggi kerfisins til mikilla muna. Varaafgjafi fyrir tölvubúnað var endurnýjaður en uppsetningu kælikerfis var frestað til næsta árs.

Einkatölvur starfsmanna eru u.þ.b. 90 talsins og voru orðnar fjögurra ára gamlar. Í lok ársins var samið við EJS um endurnýjum á þeim og var samið um þriggja ára rekstrarleigu á tölvunum. Þær verða settar upp í byrjun næsta árs.

Rekstur húss og lóðar

Hlutverk

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur húsnæðis safnsins, þ.e. Þjóðarbókhöfðu, varaeintakafans í Reykholti og geymslusafns í Mjódd, og annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun og ýmsa þjónustu við starfsmenn. Umsjón með ljósritunarvélum var bætt á húsrekstur í byrjun árs. Starfsmenn við húsrekstur eru fjórir.

Framkvæmdir

Í ársbyrjun var fjölföldunarstofa lögð niður og var aðstaðan notuð til að hafa saman lesprentvélar fyrir örfilmur og ljósritunarvélar fyrir gesti. Mikil aukning er á notkun fartölva sem þurfa tengingu við rafmagn og var komið fyrir rafmagnstenglum í lesborð á 3. og 4. hæð á svæði þar sem notendatölvurnar eru. Í lok árs var fatagæsla aflögð og ákveðið að hafa þar sjálfsafgreiðslu. Tekin voru niður fatahengi sem þar voru og ný sett í staðinn samkvæmt tillögu Manfreðs Vilhjálmssonar arkitekts.

Þrif

Í maí mánuði fór af stað vinna vegna endurskoðunar á ræstingasamningi með það að markmiði að ná fram sparnaði. ISS Ísland ehf lagði fram tillögur um breytingar og ýmsa hagræðingu. Niðurstaðan varð á þá leið að hægt var að lækka kostnað um ca. 15% án þess að minnka gæði þrifanna. Nokkur sérverkefni voru unnin á árinu. Teppi voru hreinsuð á sumar-mánuðum og sá Skúfur um teppahreinsunina eins og undanfarin ár.

Ýmislegt

Að vanda var fyrsta starfsdegi árssins varið í prófun öryggiskerfa og því tengt.

Í október var boðað til fundar í Þjóðmenningarhúsi vegna viðbragðsáætlunar um hvernig bjarga á verðmætum úr því húsi ef upp kemur neyðartilvik og rýma þarf bókasalinn. Ákveðið var að a.m.k. tveir aðilar frá safninu verði í hringihóp sem kalla má í ef til þess kemur.

Lóð

Umhirða lóðar var með sama hætti og undanfarin ár. Tyggigúmmiklessur framan við anddyri voru hreinsaðar með háþrýstibúnaði.

Geymslusafn í Mjódd

Settir voru upp hillurekkar úr gömlu efni sem safnið átti frá árum áður. Einnig voru keyptir og settir upp tveir hillurekkar frá Ísold ehf.

Varaeintakasafn í Reykholti

Húsnæði varaeintakafans í Reykholti hefur ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru vegna starfsemi af þessu tagi, en fram kom í úttekt á húsinu sem Línuhönnun hf gerði 2003 að töluverður jarðhiti er undir húsinu og að gluggar eru ónýtir. Landsbókasafn hefur leitað til húseiganda og ítrekað kröfur safnsins um að lokið verði við að koma húsinu í það ástand sem óskað hafði verið eftir í upphafi. Vonast er til að úrbætur fái á næsta ári.



Keramík skál eftir Guðnýju Magnúsdóttur
Gjöf frá Borgarbókasafni Reykjavíkur 1994



Málverk eftir Eirik Smith
Prestssaga Guðmundar góða, málað 1994

Varðveislusvið

Varðveislusvið ber ábyrgð á varðveislu íslensks safnkosts, þ.e. öllu útgefnu íslensku efni nema kvikmyndum og útvarps- og sjónvarpsefni, og handritum sem ekki eru hluti af íslenskri stjórnsýslu. Sviðið skal veita eins greiðan aðgang að þessu efni og unnt er og hefur það umsjón með skráningu gagnanna, útlánnum á lestrarsal ásamt annari þjónustu við þá safngesti sem nota safnkostinn. Sviðið skiptist í handritadeild og þjóðdeild.

Í lok ársins voru starfsmenn sviðsins all 45 í 40,7 stöðugildum. Í handritadeild voru 8 starfsmenn í 7,7 stöðugildum og í þjóðdeild voru 37 starfsmenn í 32.

Handritadeild

Starfsmannahald

Við skipulagsbreytingar í lok árs 2003 var bætt við innan handritadeildar nýrri starfseiningu, Menningu og miðlun og voru starfsmenn fluttir til innan safnsins (sjá *Ársskýrslu 2003*). Tveir namar unnu sumarið 2004 fyrir styrk úr nýsköpunarsjóði námsmanna að uppbyggingu á gagnagrunni við skráningu á gögnum stjórnmálanna.

Aðföng

Fjöldi aðfanga á árinu var 30. Tekið hefur verið saman stefnumótunarskjal um aðföng handritagagna. Þar er útskýrð m.a. söfnunarstefna safnsins og hvernig skuli standa að afhendingu handritagagna. Nýtt er að í flestum tilfellum er gengið frá skriflegum samningi um afhendingu handritagagna þar sem skyldur beggja aðila eru tíundaðar.

Verkefni innan handritadeildar

Unnið var að ýmsum afmörkuðum sérverkefnum innan deildarinnar auk daglegra starfa við upplýsingu og þjónustu sem eru all tímafrek.

Stjórnmálasögusafn

Undanfarin tvö ár hefur fengist styrkur frá Alþingi til söfnunar og skráningar á gögnum stjórnmálanna. Stjórnmálasögusafnið verður í senn persónulegt heimildasafn og rannsóknamiðstöð um stjórnmálasögu og tengir Landsbókasafn traustari böndum við háskólasamfélagið. Stefnt er að því að safn af þessu tagi verði fastur þáttur í kennslu og í rannsóknum framhaldsnema, og að starfsfólk deildarinnar veiti háskólakennurum og nemendum mikilvæga aðstoð við rannsóknir og leit að heimildum.

Á árinu 2004 hefur verið unnið að skráningu og flokkun á nokkrum söfnum og þau búin undir frekari rannsóknir. Má þar helst nefna handritagögn alþingismannanna Brynjólfs Bjarnasonar, Einar Arnórssonar, Halldórs Ásgrímssonar eldri, Hannibals Valdimarssonar, Skúla Guðmundssonar og Sveins Björnssonar forseta. Um þessar mundir er unnið að skráningu handritagagna Hannibals Valdimarssonar og Halldórs Ásgrímssonar, auk þess sem skráningu á bréfasafni Páls Zóphóníassonar miðar vel. Áframhaldandi styrkur fékkst frá Alþingi til að vinna að verkefninu og mun hann verða notaður við uppbyggingu á skráningargrunni.

Handritasafn Halldórs Laxness

Frá miðjum október 2003 hefur verið unnið að flokkun á handritagögnum Halldórs Laxness og þau gerð tilbúin til skráningar. Safninu er skipt upp í tvær megin eindir: skáldverk og aðrætti þeirra, og bréfasafn og skjalasafn, er síðan skiptast upp í nokkra undirflokk. Í safninu eru núna 131 askja með bréfum til Halldórs, 22 öskjur með handritum og afritum af bréfum sem Halldór skrifaði. Auk þess eru 90 öskjur

sem varða lífshlaup Halldórs, og fer vaxandi. Hér fyrir utan eru handrit að ýmsum skáldverkum og kassar með ókenndum og illlesanlegum blöðum. Stefnt er að því að hefja skráningu á bréfasafninu í gagnagrunn á árinu 2005.

Ýmis skráningarverkefni

Lokið er skráningu á bréfasöfnum Jakobs Hálfðanarsonar, Hálfðans Jakobssonar, Aðalgeirs Davíðssonar og Péturs Jónssonar í Reykjahlíð Unnið er að skráningu á bréfasafni Páls Zóphóniassonar og flokkun á gögnum Guðmundar Einarssonar frá Miðdal, Jökuls Jakobssonar, Stefáns Íslandi og Guðmundar Magnússonar landlæknis.

Afgreiðsla handrita

Í kjölfar skipulagsbreytinga var tekið upp nýtt fyrirkomulag við afgreiðslu handritagagna til notenda. Pantanir eru lagðar inn í afgreiðslu þjóðdeildar; lán og skil fara einnig fram á sama stað. Starfsmenn handritadeildar sækja efni fyrir gesti og ganga frá því að lokinni notkun.

Handbókasafn handritadeildar

Hafin er endurskipulagning á handbókasafni deildarinnar sem er í raun tvískipt: handbókasafn starfsmanna og handbókasafn gesta. Allar bækur hafa verið skráðar og tengdar í bókasafnskerfið *Cegni*.

Rafræn skráning á gögnum handritadeildar

Innan deildarinnar hefur farið fram greiningarvinna með hvaða hætti skuli taka upp rafræna skráningu á handritagögnum. Sameinaðar hafa verið upplýsingar úr ýmsum gagnagrunnum og skjölum sem hafa orðið til á undanförunum árum. Mannanafna- og efnisorðaskrár prentaðra handritaskráa sem eru til í ritvinnsluskjölum hafa verið settar í venslaðan gagnagrunn og þannig búin til ein allsherjar skrá fyrir öll handritagögn sem eru varðveitt í deildinni. Tengsl eru á milli annars vegar mannanafna og efnisorða og hins vegar safnmarks. Við þessa vinnu var haft í huga að hægt væri að sameina nöfn, leiðrétta og setja inn ný nöfn. Á árinu 2004 var unnið að hönnun og þarfagreiningu við uppbyggingu á gagnagrunni og skráningarviðmóti fyrir handritagögn. - Við hönnunina var miðað við alþjóðlega staðla um skráningu og flokkun á skjala- og handritasöfnum; staðlarnir eru þessir: ISAD(G) og EAD.

Í stuttu máli má segja að skráningargrunnur fyrir einkagögn og bréfasöfn í handritaformi sé tilbúinn og hefur verið notaður sem slíkur, sbr. gögn Sveins Björnssonar forseta.

Um mitt ár fékkst aðgangur að gagnagrunni Ættfræðiþjónustunnar ORG og hefur hann nýst vel við að bera kennsl á Íslendinga við skráningu handritagagna.

Geymslur handritadeildar

Endurskipulagning hefur átt sér stað á geymslum handritadeildar. Tekið hefur verið upp eitt samræmt kerfi er segir til um staðsetningu á efni og eru þessar upplýsingar nú í tölvutækri allsherjarskrá yfir allt efni í geymslum. Ávinningurinn af þessu starfi hefur haft það í för með sér að auðveldara er að henda reiður á

því sem hefur ekki verið skráð til fullnustu og er ekki að finna í prentuðum skráum.

Myndataka og önnur afritun

Engin handritagögn voru sett á örfilmur á yfirstandandi ári. Þegar gestir óskuðu eftir afritum voru þeim afhentar stafrænar myndir á geisladiskum og handritin gerð um leið aðgengileg á Neti. Á árinu 2003 voru mynduð 17 handrit úr söfnum deildarinnar, samtals 4.651 blaðsíða, og eitt úr einkaeign, samtals 812 blaðsíður.

Samskipti við viðgerðastofu

Á árinu 2004 voru nokkur handritagögn forvarin og viðgerð og ennfremur var gert við ýmis óskráð handritagögn. Mótaðar hafa verið reglur um forgangsöröðun á handritum til viðgerða. Við þá vinnu var til prufu gerð úttekt á handritasafni Reykjavíkurdeildar Hins íslenska bókamenntafélags (ÍBR) og var verkið unnið af forverði safnsins. Við greiningu var ÍBR-safninu skipt upp í þrjá flokka: Handrit sem þarfnast skjótrar viðgerðar, handrit sem þurfa fljótlega að fara í viðgerð og handrit sem umgangast þarf með sérstakri varfærni. Taka þarf önnur handritasöfn með sama hætti og greina hvert er ástand þeirra og á grundvelli þeirra niðurstaðna er hægt að fara af stað með altæka viðgerðaáætlun.

Lán til gesta og millisafnalán

Unnið er að gerð reglna um lán á handritagögnum út úr húsi. Fjöldi lána kemur fram í töflu í lok skýrslunnar.

Fyrirspurnir

Á síðasta ári var byrjað að skrá og telja fyrirspurnir til handritadeildar og vafalaust hefur eitthvað farið framhjá talningu. Á árinu 2004 bárust handritadeild 50 fyrirspurnir; 37 innanlands og 13 erlendis frá.

Filmuskrá- og safn handritadeildar

Filmusafn deildarinnar var skráð að nýju og við það verk voru sameinaðar skrár sem höfðu að geyma skyldar upplýsingar. Næsta skref er að fara yfir filmsafnið og kanna ástand þess en margar þeirra eru komnar til ára sinna og standast ekki þær gæðakröfur sem eru gerðar í dag.

Gæðahandbók fyrir handritadeild

Unnið hefur verið að gæðahandbók fyrir handritadeild. Skráðar hafa verið og birtar ýmsar verklagsreglur um starfsemi deildarinnar, t.d. um afgreiðslu handrita, lán á sýningar, fyrirkomulag viðgerða og afritun handrita. Tekin hafa verið saman nokkur stefnumótunarskjöl, t.d. um afhendingu handrita, skráningu handrita og stefnu deildarinnar til framtíðar. Tilgangurinn er að setja fram þær meginreglur sem unnið er eftir innan deildarinnar. Í stefnumótunarskjali um skráningu handrita er fjallað um þá staðla sem eru notaðir við skráningu, hvaða reglur gilda um upptekt upplýsinga enda hefur það komið í ljós að engar skráðar reglur eru í gildi um skráningu heldur hafa þessar upplýsingar að mestu verið í munnlegri geymd.



Blik 2001.

Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá. Blek og litblýantur á pappír. Gjöf til minningar um Jón Óskar rithöfund

Menning og miðlun

Sýningar- og útgáfumál

Tekin var upp ný starfseining undir heitinu Menning og miðlun og eru stöðugildin þrjú. Hlutverk hennar er að sjá um kynningar, sýningar og útgáfumál safnsins.

Sýningar

Í orði og á borði. Skrifin og leirinn saman á ný

Í janúar opnuðu Freyja Bergsveinsdóttir og Guðrún Indriðadóttir sýningu á verkum sínum. Á henni voru skálar, vasar og kertastjakar úr steinleir sem listakonurnar hafa unnið í sameiningu. Guðrún sýndi einnig nokkur verk úr postulíni og Freyja sýndi letur (skrift) á pappír með visun í handritin.

Heimastjórn 100 ára – land mitt. Þú ert sem órættur draumur, óráðin gáta, fyrirheit

Á sýningunni var dregin upp mynd af ráðherratið Hannesar Hafstein með áherslu á þátt hans í félagslegum umbótum. Sýningin stóð frá febrúar fram í apríl. Í tilefni af opnun sýningarinnar 5. febrúar hélt dr. Auður Styrkarsdóttir stjórn málafræðingur erindi um Hannes Hafstein og kvenréttindabaráttuna og Guðjón Friðriksson sagnafræðingur um Hannes Hafstein og sjálfstæðisbaráttuna.

Upphafsar prentlistarinnar á Íslandi – biblían, guðsorð og lestrarkunnáttan

Í mars var enduruppsett sýning sem upphaflega var opnuð í safninu 16. nóvember árið 2000, en hluti hennar tekinn fram á þessu ári og endurgerður. Áhersla var lögð á sögu prent- og bókaútgáfu á Íslandi frá fyrstu tíð til vorra daga með sérstakri áherslu á útgáfusögu Biblíunnar.

Þrjátíu dagar í Kevelaer

Föstudaginn 7. maí opnaði Sigríður Ásgeirsdóttir sýningu á steindu gleri, en sýninguna kallaði hún „Þrjátíu dagar í Kevelaer“. Þetta var í fyrsta skipti sem Sigríður sýndi eingöngu steinda glugga.

Handband á Íslandi 1584-2004

Í júní til ágúst var haldin söguleg sýning um handband á Íslandi frá útgáfu Guðbrandsbiblíu 1584 til vorra daga. Í safninu er að finna margar bækur sem bera hagleiksmönnum vel söguna. Á þessari sýningu var einnig sagt frá bókbindurum Landsbókasafns frá upphafi. Sýningin stóð yfir frá 7. júní - 31.ágúst.

Merkileg handrit

Í þjóðdeild voru um sumarið sýnd nokkur merkileg handrit.

Kvinnahreyfingar – innblástur, ihlutun, irringar

Kvinnasamstaða var meginþema sýningarinnar og mátti þar sjá margar myndir og ýmsa muni sem tengast íslenskum kvinnahreyfingum allt frá þarsíðustu aldamótum. Sýningin var sett upp í tilefni af norrænu ráðstefnunni Kvinnorörelser – inspiration, intervention, irritation sem haldin var í Reykjavík dagana 10.-12. júní. Hún var styrkt af Nordisk kulturfond.

Frá vaxhólkum til geisladiska. Aldarafmæli hljóðritunar á Íslandi

Auk safnsins komu að þessari sýningu menntamálaráðuneytið, Ríkisútvarpið, Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, Stofnun Árna Magnússonar, Sögumiðlun ehf, Þjóðminjasafn Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands. Njáll Sigurðsson og Markús Örn Antonsson fluttu stutt erindi við opnun og voru leikin hljóðdæmi frá fyrstu tíð hljóðritunar á Íslandi. Sýningin var opnuð 25. september.

Sýning á bandarískum og þýskum barnabókum

Dagana 5.-7. október var barnabókadagskrá í safninu. Dagskráin hófst með opnun tveggja sýninga á barnabókum. Annars vegar sýningu á 100 nýjum bandarískum barna og unglingabókum með yfirskriftinni Images of Children in Contemporary U.S. Children's Literature sem bandaríska sendiráðið hefur keypt og gefið safninu. Hins vegar var farandsýning á þýskum barna- og unglingabókum sem Goethe

Zentrum fékk að láni frá Internationales Jugendbibliothek og heitir: Deutschsprachige Kinder- und Jugendbücher der Gegenwart.

Við opnunina voru flutt stutt yfirlitserindi, annað um bandarískar og hitt um þýskar barnabókmenntir. Það voru sérfræðingarnir dr. Carole Scott frá San Diego Háskólanum í Kaliforníu og dr. Bettina Kümmerling-Meibauer dósent við Háskólann í Tübingen sem fluttu erindin.

100 ára ártíð Íslandsvinarins og skákáhugamannsins Daniel Willard Fiske

Laugardaginn 23. október, var opnuð sýning tileinkuð Daniel Willard Fiske og stóð hún til 31. desember. Hann var mikill áhugamaður um skák og var góður skákmaður sjálfur. Willard Fiske átti gott safn skákrita á ýmsum tungumálum og gaf hann Landsbókasafni Íslands allt það safn og þótti það á þeim tíma besta skákritasafn á Norðurlöndum. Í Þjóðminjasafni Íslands eru varðveittir 144 gripir sem Daniel Willard Fiske ánafnaði safninu í erfðaskrá sinni. Nokkrir þessara muna voru á sýningunni.

Jólasýning í Þjóðdeild

Hin árlega jólasýning á efni þjóðdeildar var opnuð fyrstu helgi í aðventu og lauk 6. janúar 2005.

Afhending gagna

Gögn Páls Ísólfssonar

Þriðjudaginn 12. október, afhentu afkomendur Páls Ísólfssonar dómorganista og tónskálds safninu handrit, myndir og muni úr fornum hans.

Heiðursskjal Þórarins E. Tuliniusar

Árið 1912 létu Íslendingar af Norður- og Austurlandi gera Þórarni E. Tuliniusi (1860-1932), útgerðar- og stórkaupmanni í Kaupmannahöfn, heiðursskjal í virðingarskyni fyrir störf hans í þágu lands og þjóðar. Skjalið, sem er í bókarformi, er myndskreytt af Kristínu Jónsdóttur listakonu og er hinn fegursti gripur. Eigendur þessa skjals, Mogens og Inge Krog frá Humlebæk færðu Landsbókasafni þetta skjal að gjöf 15. júní við afhöfn í Þjóðarbókhöfðu, en Mogens Krog er dóttursonur Þórarins.

Útgáfur

Ritmennt 8. Ársrit Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns

Í maímánuði kom Ritmennt 8 út og var fjölbreytt að vanda. Ritstjóri var Ögmundur Helgason, og í ritnefnd voru Emília Sigmarsdóttir og Þorleifur Jónsson.

Nokkur orð um íslenskt skrifletur

Þessi ritgerð eftir Björn Karel Þórólfsson er birtist fyrst í Árbók Landsbókasafns 1948-49, var ljósprentuð til sérstakrar útgáfu sl. haust. Ritgerðin fjallar um þróun stafagerðar frá fornu fari í íslenskum handritum. Umsjón með útgáfu höfðu Ögmundur Helgason og Emília Sigmarsdóttir.

Galdrakver. Ráð til varnar gegn illum öflum þessa og annars heims

Gefin var út ljósprentun af íslensku galdrahandriti á skinni frá 17. öld (Lbs 143 8vo) og fylgir því stafrétt útgáfa og texti á nútíma stafsetningu, auk þýðinga á dönsku, ensku og þýsku. Hluti upplagsins er tölusettur. Umsjón með útgáfu höfðu Emília Sigmarsdóttir, Rannver H. Hannesson og Ögmundur Helgason.

Þekkingarveita á norðurslóð

Gefinn var út vandaður bæklingur um safnið og starfsemi þess á ensku og íslensku. Bæklingnum var fylgt úr hlaði með kynningu á vefjum safnsins s.s. aðalvef safnsins landsbokasafn.is, hvar.is, timarit.is, sagnanet.is og kortavef. Ritstjórar voru Emília Sigmarsdóttir og Helga Kristín Gunnarsdóttir. (sbr. s.4).

Fyrirlestrar á vegum safnsins.

Children's Literature. Art or Pedagogy?

Í október var opnuð sýning á þýskum og bandarískum barnabókmenntum og í framhaldi af opnun sýninganna voru haldnir fjórir fyrirlestrar um barnabókmenntir í safninu.

Prófessor Maria Nikolajeva frá Háskólanum í Stokkhólm: Children's Literature: Art, Pedagogy and Power.

Dr. Nina Christiansen frá Dönsku barnabókastofnuninni: Who Decides what is Funny? Humour and Irony in Picturebooks.

Kimberley Reynolds frá Háskólanum í Newcastle: The Pleasure's in the Pain: Contemporary Fiction Featuring Self-Harming for Young Adults

Dr. David Rudd frá Bolton Institute í Bretlandi: Books that take us Lands away: The Art of Pedagogy or the Pedagogy of Art?

Fyrirlestur um Heimskringlu

Dr. Jon Gunnar Jørgensen, prófessor við Óslóarháskóla, flutti opinberan fyrirlestur um varðveislu Heimskringlu, miðvikudaginn 12. maí. Fyrirlesturinn var í boði Landsbókasafns og Stofnunar Sigurðar Nordals. Hann var fluttur á íslensku og nefnist: Heimskringla - Frá Íslandi til Noregs og heim aftur.



Málverk eftir Gunnlaug Scheving
Haustfólk (Engjafólk) 1958

Þjóðdeild

Meginhlutverk þjóðdeildar er að þaulsafna gögnum útgefnum á Íslandi í prentuðu formi eða á öðrum miðlum, skrá þau, búa í hendur notendum og varðveita handa komandi kynslóðum, svo og að afla hliðstæðra gagna sem gefin eru út erlendis og varða Ísland og Íslendinga. Enn fremur er ISBN skrifstofan á Íslandi á vegum þjóðdeildar. Starfsemi deildarinnar fer fram innan sex eininga sem eru: skylduskil; skráning, lykln og flokkun íslensks efnis; þjónusta og umönnun efnis; sérsöfn; bókband og forvarsla; myndastofa.

Skylduskil

Í skylduskilum er unnið að móttöku og innheimtu, ráðstöfun, frágangi og innskráningu nýrra íslenskra rita samkvæmt lögum um skylduskil. Enn fremur er unnið úr bókagjöfum sem berast og reynt að fylla inn í vantanir. Fjöldi starfsmanna í skylduskilum var í árslok 3,65 stöðugildi.

Ný lög um skylduskil tóku gildi 1. janúar 2003. Reglugerð um sama efni kom út í lok árs 2003. Aðilum í menntamálaráðuneyti þótti ekki rétt að gefa út kynningarrit um þetta efni fyrr en reglugerðin lægi fyrir. Því dróst útgáfa slíks rits fram á árið 2004. Ritið var loks tilbúið í mars. Var það sent prentsmiðjum, fjölföldunarstofum, útgefendum og framleiðendum margmiðlunarefnis, ásamt bréfi, í mars og apríl. Haldið hefur verið góðu sambandi við Kvikmyndasafn Íslands og sameiginleg hagsmunamál rædd. Auk lögbundinna skylduskila hefur á árinu verið unnið úr gjöfum sem borist hafa. Einnig er vert að taka fram að tíð

samskipti hafa verið við sr. Björn Jónsson safnara og hefur fengist hjá honum mikið efni til að fylla í eyður.

Á árinu barst gríðarmikið magn blaða frá Umferðarráði. Úr þessu efni voru valin eintök sem vantaði í safnið og var það mikil vinna.

Byrjað var á því síðla árs að nota Gegni við móttöku blaða- og tímarita.

Erlent efni um Ísland

Starfsmaður deildarinnar vann að því í hlutastarfi að hafa uppi á efni sem gefið er út erlendis og varðar Ísland og Íslendinga og afla þess.

Alþjóðlegt bóknúmer (ISBN)

ISBN skrifstofan hefur aðsetur í skylduskilum. Breytingar verða á ISBN númerakerfinu 1. janúar 2007, en þá falla 10 stafa númer úr gildi en við taka 13 stafa ISBN númer, samhljóða EAN 13 vörunúmerunum, sem nú eru notuð til að gera strikamerki. Ætlast er til að bæði gamla og nýja ISBN númerið verði prentað í rit sem koma út 2006. Vinna við gerð nýs ISBN staðals og kynning á fyrirhuguðum breytingum fyrir umboðsskrifstofunum stóð allt árið. Þá hefur orðið breyting varðandi rekstrarform Alþjóðaskrifstofunnar og munu aðildarlönd greiða árgjald fyrir þátttöku frá 2005.

Íslensk skráning, lykln og flokkun

Í íslenskrí skráningu er skráð inn í Gegni efni sem berst í skylduskilum, þ.e. bækur og bæklingar, hljóðrit, myndefni, tölvugögn og hljóðbækur. Ennfremur eru skráðar greinar úr tímaritum og bókum og efni gefið út erlendis sem varðar Ísland eða er eftir Íslendinga.

Yfirfærsla bókfræðigagna Fengs var gerð í tveimur

áföngum og hvíldi sú vinna að miklu leyti á skrásetjum Lbs og Borgarbókasafns. Fyrri yfirfærsla var gerð í mars/apríl 2004 og voru þá sameinaðar um 30.000 færslur. Við þessa yfirfærslu fjölgaði söfnum í Gegni um nær 100. Ekki tókst þó sameiningin sem skyldi og var ráðist í aðra yfirfærslu í október og voru þá sameinaðar vélrænt um 8000 færslur og á meðan Gegnir var lokaður í 2 daga voru 5000 færslur til viðbótar handparaðar. Ljóst er að mjög mikið er af tvískráðu efni í kerfinu og stöðugt hefur verið unnið að handvirkri sameiningu færslna sem felst í því að færa eintök milli færslna og eyða færslum. Einungis skrásetjum íslenskrar skráningar er treyst fyrir því mikla nákvæmnisverki og keypt var sérstök tölva til þeirra nota.

Lagfæring á skemmdum, sem urðu á bókfræðigögnum Gegnis vegna þess að kerfið var rangt upp sett í upphafi, var annað stórt verkefni. Af þeim sökum var skráningarþáttur Gegnis lokaður í nær 4 vikur, frá 27. maí til 23. júní, á meðan orsakir og umfang skemmdanna voru kannaðar. Til aðstoðar við þetta verk komu fyrri hluta árs til starfa sjálfboðaliðarnir Áslaug Eiríksdóttir, Jóhanna Skaptadóttir og Margrét Kjartansdóttir. Þær unnu einkum að því að afla upplýsinga um einstaklinga sem ekki voru aðgreindir með fæðingar- eða dánarári.

Átak í skráningu hljóðrita hófst á árinu. Ákveðið var að einfalda skráninguna frá og með útgáfu ársins 2003, en hún var mjög ítarleg og seinleg og langur hali hafði myndast en í árslok var langt komið skráningu hljóðrita ársins 2003.

Unnið var að skráningu íslenskra rita sem prentuð voru fyrir 1844, um 2000 færslur. Það verk var langt komið í árslok 2004.

Samstarf um skráningu hefur stóraukist í nýju og gerbreyttu vinnuumhverfi skrásetjara með tilkomu nýrra aðildarsafna. Skrásetjarar íslenskrar skráningar bera lokaábyrgð á að íslenskt efni sé rétt skráð og nafnmyndir réttar, en yfir 100 manns vítt og breytt um landið hafa réttindi til að leggja færslur inn í Gegni. Við þetta hefur hlutverk starfsmanna sem leiðbeinenda aukist mjög. Unnið var að handbók skrásetjara Gegnis sem birtast mun á vef safnsins árið 2005. Auk þess hefur starfsfólk tekið þátt í ýmiss konar hópstarfi um skráningu, t.d. starfi tónlistarhóps, nafnmyndahóps og hóps um rafræna skráningu, efnisorðaráði og skráningarráði. Starfsmaður safnsins starfar með skráningarráði sem ritstjóri bókfræðigrunnns Gegnis og hafði umsjón með kennslu varðandi skráningarþátt kerfisins.

Þjónusta og umönnun efnis

Þjónusta sem byggist á ritakosti þjóðdeildar er veitt í forsal deildarinnar. Afgreiðslu handritadeildar og þjóðdeildar er sinnt af fjórum starfsmönnum einingarinnar, starfsmanni sérsafna og einum starfsmanni handritadeildar. Afgreiðsla og pantanir handrita eru nú alfarið í afgreiðslu þjóðdeildar. Handrit eru í vörslu þjóðdeildar þann tíma er notandinn þarf til rannsókna.

Unnið var áfram við að færa inn í gagnagrunn skrá yfir þá er ljúka doktorsprófi við Háskóla Íslands eða

erlenda háskóla. Til stendur að opna skrána á Netinu á árinu 2005. Einnig var á árinu unnið að flokkun og röðun leikskráa.

Jólasýning var opnuð í þjóðdeild 31. nóvember og stóð fram yfir áramót. Viðfangsefni sýningarinnar var: Jólasögur, jólakvæði, jólaauglýsingar og gjafir. Bæklingur var með sýningunni.

Samstarf við Þjóðmenningarhús

Þjóðdeild hefur staðið að eftirtöldum sýningum á árinu í bókastofu Þjóðmenningarhúss: Eddukvæði (sumarsýning 11. júní–9. september), kynningarspjald var gert í tilefni sýningarinnar. Í samstarfi við Skólavefinn ehf., Þjóðmenningarhús og stofnun Gunnars Gunnarssonar voru haldnar sýningar undir yfirskriftinni Skáld mánaðarins. Á árinu var haldin sýning á verkum skáldanna Matthíasar Jochumssonar, Steingríms Thorsteinssonar, Ólafar frá Hlöðum og Theodóru Thoroddsen, og bar hún yfirskriftina Aldamótaskáldin (28. janúar–16. apríl). Sýningar voru einnig á verkum Sjón, Sigurjóns B. Sigurðssonar (16. apríl–9. júní), Gunnars Gunnarssonar (9. september–6. nóvember) og Jóhanns Hjálmarssonar (6. nóvember–19. janúar 2005).

Varaeintakasafn

Varaeintakasafn þjóðdeildar er varðveitt í Reykholti. Þar er unnið að móttöku varaeintaka og frágangi og sinnir einn starfsmaður því verki.

Gengið hefur verið frá rúmlega 800 hillumetrum með bókum og tímaritum. Auk þess var lokið frágangi dagblaða sem nær fylltu kjallarann, en vegna raka þar þurfti í febrúar að flytja þau milli hæða og stafla á bretti sem eru fjörutíu talsins. Ekki hefur enn náðst að gera húsnæði varaeintakasafns þannig úr garði að öruggt sé fyrir það efni sem þar á að varðveita og hefur það haft töluverð áhrif á starfseminna.

Sérsöfn

Sérsöfn eru starfrækt sem eining innan þjóðdeildar. Þjónusta vegna rita sem varðveitt eru í sérsöfnum (öðrum en tón- og myndsafni) er veitt við afgreiðsluborð í forsal þjóðdeildar, og þar eru rit afgreidd til notkunar á lestrarsal. Tveir starfsmenn í 1,2 stöðugildum vinna við sérsöfn á 1. hæð. Ákveðið var að safni Haraldar Björnssonar, sem var varðveitt á sérsafnarými í Lbs um nokkurra ára skeið, yrði komið fyrir til frambúðar í Leikminjasafni, og var það afhent forstöðumanni Leikminjasafns síðla árs.

Tón- og myndsafn

Tón- og myndsafn er eitt af sérsöfnum þjóðdeildar og er meginhlutverk þess að safna, varðveita og veita aðgang að öllu útgefnu íslensku tónlistarefni, myndböndum o.fl. samkvæmt reglum þar um. Í tón- og myndsafni er enn fremur aðstaða til að hlusta á og skoða tón- og myndefni sem notað er við kennslu í Háskóla Íslands og lána það út eftir þörfum. Tveir starfsmenn í 1,25 stöðugildi unnu við umsjón og innheimtu skylduskila hljóðrita.

Allmikið af efni úr tón- og myndsafni var lánað á sýningar. Má þar helst nefna plötuumslög og geisladiska.

Atbeini við innheimtu skylduskila hljóðrita jókst við það að nýr starfsmaður í 25% starfi kom að þeim verkþætti enda var mun meiru safnað inn en undanfarin ár. Frá 1. mars til ársloka voru símtöl vegna skylduskila hljóðrita samtals 238 og tölvubréf og pantanir 203.

Bókband og forvarsla

Markmið forvörslu og bókbands er að vinna að því að tryggja framtíðarvarðveislu safnkostsins á sem vandaðastan og hagkvæmastan hátt. Hlutverk bókbandsstofu er að annast bókband og annan frágang rita til notkunar og/eða varðveislu í safninu. Bókbandsstofa sér einnig um viðhald og viðgerðir á prentuðum ritum.

Starfsmenn forvörslu og bókbands voru fjórir. Í febrúar voru tveir starfsmenn ráðnir með aðstoð frá Atvinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins til að vinna við stíflingar á bókarkiljum og annan frágang rita. Vann annar þeirra í um sex mánaða skeið en hinn í tvo, í hálfu starfi hvor. Í byrjun nóvember var sami háttur á, en þá voru tveir starfsmenn ráðnir í hálfu starf hvor til sex mánaða.

Á árinu var lokið við að binda rit úr safni Jóns Steffensen, og er kostnaður við það sem fyrr greiddur úr sjóði þeim sem Jón ánaðnaði safninu. Eftirtalin handritagögn voru forvarin og viðgerð: Lbs fragm 1–81, JS fragm 1–20, Lbs dipl 1–40, ÍB 661 8vo, Lbs 347 4to, Lbs 852 4to, Lbs 977 4to, Lbs 3019 4to, óskráð handrit – skólablaðið „Sváfnir“, óskráð gögn eftir Samúel Eggertsson (kort, upprættir, teikningar o.fl.), ýmislegt annað smávægilegt (umbúðaskipti, smálagfæringar o.fl.).

Skipt var um umbúðir á útafliggjandi handritum í fólióstærð. Frá miðjum september var verkið unnið af vaktmönnum safnsins undir umjál forvarðar, að jafnaði um sjö tímar á viku. Ástand handritanna var kannað og borið saman við úttekt á ástandi frá 8. áratug síðustu aldar. Sjá nánar um þetta verkefni á bls. 14.

Dagana 10. og 11. mars var haldið námskeið fyrir starfsfólk safnsins um forvörslu og bókband. Námskeiðið samanstóð af fyrirlestri og sýnikennslu og hafði starfseiningin veg og vanda af framkvæmdinni.

Myndastofa

Í myndastofu er unnið að örfilmun blaða, flutningi blaða, tímarita og annars efnis á stafrænt form, myndatöku að beiðni notenda safnsins og myndatöku vegna sýninga og ýmissa uppkoma í safninu.

Allt árið 2004 af Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og DV var myndað á örfilmu; auk þess DV frá 1. okt. 1997 til 30. sept. 1999.

Unnið var allt árið að stafrænni myndun Morgunblaðsins, og var það meginhluti íslenska efnisins sem myndað var. Auk þess voru mynduð blöð og tímarit frá Færeyjum sem þáttur í sérstöku samstarfsverkefni.

Auk ljósmyndara safnsins störfuðu í myndastofu á árinu 7 starfsmenn í 4 stöðugildum.



Silfra, skulptúr eftir Helga Gíslason
Gjöf frá Háskóla Íslands 1994



Mannsandinn – Fortíð-Nú tíð-Framtíð
Glerlistaverk eftir Leif Breiðfjörð 1994

Þjónustusvið

Þjónustusvið ber ábyrgð á allri almennri notendaþjónustu, svo sem útlánum og upplýsingaþjónustu bæði fyrir háskólasamfélagið og aðra þá sem þurfa að nýta sér heimildir, bæði í prentuðu og rafrænu formi. Þjónustusvið annast kennslu í upplýsingaleikni fyrir háskólanema, hefur umsjón með vef safnsins, starfrækir námsbókasafn í tengslum við námskeið sem kennend eru við Háskóla Íslands og hefur umsjón með lesrýmum safnsins og útibúum á háskólasvæðinu. Sviðið hefur umsjón með ritakosti á opnu rými og að sumu leyti í geymslum, sér um aðföng og skráningu erlendra bóka, tímarita og rafrænna gagna ásamt því að hafa umsjón með landsaðgangi að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið. Sviðið skiptist í upplýsingadeild og útlánadeild.

Í lok ársins voru starfsmenn sviðsins alls 43, en stöðugildi 33,05. Í upplýsingadeild voru 18 starfsmenn í 14,55 stöðugildum. Í útlánadeild voru 24 starfsmenn í 17,5 stöðugildum.

Upplýsingadeild

Upplýsingadeild ber ábyrgð á upplýsingaþjónustu safnsins á 2. hæð, hefur umsjón með handbókasafni, annast notendafræðslu við háskólasamfélagið og aðra safngesti og sér til þess að notendur hafi sem bestan aðgang að prentuðum og rafrænum upplýsingum. Aðrir verkþættir deildarinnar eru tímaritahald, millisafnalán, ritstjórn vefjar safnsins, umsjón útibúa og landsaðgangur að rafrænum gögnum.

Upplýsingaþjónusta



Dagleg umsvif upplýsingaþjónustunnar voru svipuð og árið 2003. Með auknum aðgangi notenda að rafrænum gögnum og upplýsingum á Netinu fækkaði um skeið almennum fyrirspurnum og heimildaleitum gegn greiðslu en þeim fer nú aftur fjölgandi. Einnig hefur

leiðsögn um notkun rafrænna gagna aukist, bæði í síma og í formi einstaklingsbundinnar kennslu.

Notendafræðsla

Fræðsla á vefsíðum safnsins er vaxandi þáttur í notendafræðslunni. Leitast er við að benda notendum á mismunandi hjálpargögn eftir eðli viðfangsefnisins og á leiðir frá tilvísunum til heildartexta. Til viðbótar við almennar leiðbeiningar við heimildaleit hafa vefsíður um leitartækni verið endurbættar, svo og leiðbeiningar um notkun einstakra gagnasafna og heimildaleit innan einstakra fagsviða.

Safnkynningar voru með líku sniði og undanfarin ár, þ.e. frumkynningar fyrir nýnema og framhaldskynningar fyrir þá sem lengra eru komnir.



Handbókarými

Á handbókarými á 2. hæð hafa notendur aðgang að starfsfólki upplýsingaþjónustunnar og öllum helstu hjálpargögnum við heimildaleit, prentuðum og rafrænum. Þar eru nú um 16 þús. bindi handbóka og uppláttarrita af ýmsum toga og niu tölvur til heimildaleita.

Bæklingar

Til stuðnings notendafræðslunni voru á árinu gefnir út 3 nýir bæklingar á vegum upplýsingadeildar, 26 voru endurnýjaðir að talsverðu leyti og nokkrir endurprentaðir án breytinga.

Vefur safnsins

Kominn var tími til að endurnýja vefinn og auðvelda vinnu við gerð hans og var ákveðið að vinna nýjan vef safnsins í vefumsjónarkerfinu SoloWeb hjá Háskóla Íslands. Í júníbyrjun var haft samband við Hany Hadaya, grafískan hönnuð, um nýtt útlit vefsins, en vegna sumarleyfa og anna lauk verki hans ekki fyrr en í desember. Í byrjun árs 2005 verður hafist handa við að flytja gömlu vefsíðurnar yfir í nýtt kerfi.

Aðgangur að rafrænum gögnum

Aðgangur að rafrænum gögnum, tímaritum og gagnasöfnum, er ýmist á landsvísu eða bundinn við tölvur á háskólanetinu. Nokkuð bættist við af rafrænum útgáfum tímarita í sérskrift safnsins og aðgangur fékkst að gagnasafninu *Bibliography of the History of Art* en safnið leggur nú til íslenskt efni í þá skrá. Stofnun Árna Magnússonar og Landsbókasafn tóku sameiginlega áskrift að gagnasafninu *Motiv Index of Folk Literature*. Aðgangur að þessum gögnum er takmarkaður við tölvur á háskólanetinu. Þá var fenginn tímubundinn prufuáðgangur að *Lexikon des Mittelalters* og *International Medieval Bibliography* en ekki var tekin áskrift að þessu sinni.

Í árslok var aðgangur að eftirfarandi gagnasöfnum í sérskrift safnsins eða sameiginlega með einstökum deildum Háskóla Íslands: *Bibliography of the History of Art*, *Historical Abstracts*, *ISSN register*, *JSTOR Business Collection*, *Karnovs Lovsamling* og *UfR*, *LISA*, *Lovdata* með *Celex*, *MathSciNet*, *MLA*, *Motiv Index of Folk Literature*, *Norart*, *Philosopher's Index*, *PROLA*, *Réttarríkið*, *UN Treaty Collection*, *UNSTATS Common Database* og *Web Dewey*

Áskriftir í felagi við aðila utan háskólanetsins eru að: *CSA Cambridge Scientific Abstracts* ásamt *EconLit*, *GeoREF* og *ABM*; *Engineering Village2* með *Compendex*; *MDCConsult* og *PsycInfo* í *OVID* og *SourceOECD*

Landsaðgangur

Mikil aukning varð á notkun þeirra gagna- og greinasafna sem eru í áskrift í landsaðgangi að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum, sem finna má á <http://hvar.is>.

Árið 2004 voru 481.944 greinar sóttar í fullri lengd í þau, en 360.142 árið 2003, þ.e. aukning um 33,8%. Fjöldi gesta á hvar.is jókst um 20,5% milli árunna 2003 og 2004, var 96.886 fyrra árið en 116.777 seinna árið. Innlit jukust um 16,1% og flettingar um 12,1% á sama tíma. Þessar tölur benda til markvissari notkunar á hvar.is.

Samanburður á greinasöfnum og Web of Science til lengri tíma:

Greinasafn	Séðar og sóttar Greinar			
	2001	2002	2003	2004
Blackwell Syn-ergy	9.138	18.066	45.093	52.515
Elsevier Sc Direct	16.584	58.148	109.482	143.332
Karger Online	1.223	2.262	2.352	3.489
Kluwer Online	0	12.838	12.154	11.665
ProQuest 5000	108.464	150.308	195.727	259.514
SpringerLink	10.953	6.862	7.488	11.429
Samtals	146.362	248.484	360.142	481.944
Aukning %		69,8	44,9	33,8
Tilvísanasafn	Leitir 2001	Leitir 2002	Leitir 2003	Leitir 2004
Web of Science	47.531	68.069	93.035	107.258
Aukning %		43,2	36,7	15,3

Tímaritahald

Vinna við flutninga tímarita, uppröðun efnis og breytingar í skráum safnsins var umtalsverð á árinu. Meginhluti tímarita sem voru í bókasafni Jarðfræðahúss og bókasafni líffræðiskorar á Grensásvegi, var fluttur í Þjóðarbókhöfuð við sameiningu safnanna í Öskju. Tímarit útibús Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, útibús fyrir sjúkrahjálfun og Rannsóknastofu í heilbrigðisfræði voru flutt í Þjóðarbókhöfuð á árinu. Rýma þurfti hluta af húsnæði lagabókasafns í Lögbergi og voru eldri árgangar tímarita fluttir í Þjóðarbókhöfuð. Þá var nýtt geymsluhúsnæði í Mjódd tekið í notkun og hófst flutningur tímarita og frágangur rita þar í mars. Rit eru sótt eftir þörfum og gert er ráð fyrir að rit sem þörfuð eru fyrir kl. 4 á daginn verði komin í safnið næsta dag.

Niðurskurður í tímaritakaupum hefur haldið áfram á árinu 2004 enda hefur fé til ritakaupa verið óbreytt frá árinu 1998 en verð á tímaritum hefur á þessum tíma hækkað um 7% á ári að meðaltali eða um 60% á tímabilinu. Aukin áhersla hefur verið lögð á öflun stafræna tímarita fyrir nokkrar deildir háskólans, s.s. verkfræðideild og viðskipta- og hagfræðideild.

Í janúarlök var tímaritagáttin *TDNet* tekin í notkun og tímarit safnsins gerð aðgengileg um vef safnsins. Í aðalskrá gáttarinnar eru tenglar og upplýsingar um rafræn tímarit í landsaðgangi svo og þau sem safnið er með í sérskrift, bæði prentuð og rafræn. Skráin er uppfærð vikulega og leysti af hólmi samsvarandi handgerða lista á vef safnsins sem tímafrest var að halda við. Þar sem *TDnet* ræður ekki við íslenska bókstafi var ákveðið að hafa sérstaka tengla við *Gegni*, þar sem finna má upplýsingar um öll helstu tímarit, eldri sem yngri, íslensk sem erlend, í íslenskum bókasöfnum, og við *tímarit.is* (áður *Vestnord*) sem hýsir heildartexta fjölda íslenskra, færeyskra og grænlenkra blaða og tímarita frá upphafi til ársins 1920.

Samskrá um erlend tímarit og NOSP (Nordisk samkatalog for periodika)

Við kerfisskiptin árið 2003 færðist ábyrgð á Samskrá um erlend tímarit frá Landsbókasafni yfir til Landskerfis bókasafna. Starfsmaður í Landsbókasafni hefur þó enn með höndum skráningu á erlendum tímaritum og leiðréttingar á forðaupplýsingum í *Gegni* fyrir þau söfn sem þess óska. Töluvert var um fyrirspurnir vegna Samskrárinnar enda hefur skapast mikið ósamræmi milli *Gegnis* og NOSP á þeim tveimur árum sem liðin eru frá því uppfærð skrá var síðast send til NOSP en Landskerfið hefur enn ekki séð sér fært að yfirfæra gögn úr *Gegni* til NOSP.

ISSN (alþjóðlegt tímaritanúmer)

Starfsemi ISSN skrifstofunnar var með venjubundnum hætti. Umsóknir útgefenda um ISSN-númer vegna nýrra rita voru 66 talsins, en alls var úthlutað 113 tímaritsnúmerum árið 2004. Nokkur aukning var á umsóknum og fyrirspurnum um tímaritsnúmer fyrir vefrit og fengu 28 veftímarit ISSN-númer, flest gefin út samhliða á vef og prenti. Nýtt tölvukerfi alþjóðskrifstofunnar í París, Virtua, verður komið í fulla notkun á árinu 2005 og ljóst er að töluverðra breytinga er þá að vænta fyrir starfsemin. Leiðbeiningar og ítarlegar upplýsingar um ISSN númerakerfið voru settar út á vef safnsins í október.

Millisafnalán

Millisafnalán hafa á árinu að mörgu leyti þurft að nota fornfáleg vinnubrögð. Skráning beiðna í *Gegni* reyndist ónothæf og því var eingöngu tekið við beiðnum í tölvupósti. Engu að síður hefur starfsemin þróast smám saman í átt að nútímalegri vinnubrögðum og nú eru allflestar greinar sendar rafrænt frá safninu, og eingöngu þau söfn sem eiga í erfiðleikum með móttöku rafrænna skjala fá greinar sendar í pósti. Heildarfjöldi beiðna árið 2004 var 5674 af þeim voru afgreiddar 5390 eða 95%. Úr ritakosti Lbs-Hbs voru samtals afgreidd 1844 gögn á árinu.


Tekin var upp sú nýlunda að senda bækur til safna á höfuðborgarsvæðinu gegn því að þau greiði pósthúðargjöld báðar leiðir og hefur það mælst vel fyrir.

Til Lbs-Hbs bárust alls 3546 gögn á árinu. Þau skiptast þannig að 2436 greinar voru pantaðar, af þeim bárust 2399, bækur pantaðar erlendis frá voru alls 1249

talsins og af þeim bárust 1147. Bækur fengnar að láni frá innlendum söfnum voru einungis 64, langflestar frá Háskólabókasafninu á Akureyri.

Nokkur aukning var á bókabeiðnum milli ára, úr safninu nemur sú aukning 25% en í aðfengnum bókum frá öðrum söfnum er aukningin 9%. Fækkun á greinabeiðnum frá öðrum söfnum hélt áfram og nam hún rúmum 9% milli ára, en afgreiddar greinar úr safni stóðu nánast í stað.

Millisafnalán vonast til að geta tileinkað sér tækninýjungar í auknum mæli á árinu 2005 og að geta gert greinar aðgengilegar á rafrænan hátt fyrir starfsmenn Háskóla Íslands og öll viðskiptasöfn.



Útibú

Safnið starfrækir allmörg útibú í þágu Háskóla Íslands. Í sumum útibúum er bókavarsla tiltekinn tíma dag hvern. Í öðrum er um að ræða umsjón sem felst í reglubundnum eftirlitsferðum einu sinni til tvisvar í viku eða sjaldnar. Sú meginsteftna hefur verið mörkuð að útibúin verði handbókasöfn og ritakostur þar ekki til útláns. Þau skulu einkum þjóna kennurum og sérfræðingum en stúdentum verði fremur beint í Þjóðarbókhöfðu.

Talsverðar breytingar urðu á útibúum á árinu. Safnið hætti þjónustu við sjúkrahjálfun og Rannsóknarstofu í heilbrigðisfræðum og er hún nú á vegum Bókasafns- og upplýsingasviðs Landspítala – Háskólasjúkrahúss. Í upphafi haustmíssis var hætt að lána út rit úr Lögbergi, nema til kennara og nemenda sem eru að vinna að lokaverkefni. Almenn útlán eru nú aðeins úr bókasafni í VR-II. Útibú safnsins eru í eftirtöldum byggingum:

Aðalbygging H.Í.

Guðfræðideildarstofa er handbókasafn kennara og nemenda í guðfræði.

Askja

Nýtt handbókasafn var opnað í Öskju í byrjun árs. Þar eru einkum tímarit og uppsláttarrit sem áður voru í bókasafni Jarðfræðahúss og lesstofu í líffræði að Grensásvegi 12. Meiri hluti rita þessara safna var fluttur í Þjóðarbókhöfðu.

Áragnarður

Lokuð bókastofa hugvísindadeildar á 3. hæð er ætluð kennurum og nemendum í MA eða doktorsnámi í íslenskum fræðum.

Hagi við Hofsvallagötu

Bókastofa lyfjafræðideildar er handbókasafn kennara og nemenda í lyfjafræði. Eftirlit var eftir þörfum.

Lögberg

Bókasafn lagadeildar í Lögbergi. Opið kl. 10-16 mánudaga-fimmtudaga en 10-12.30 á föstudögum. Yfir sumarmánuðina var opnunartími óreglulegur.

Norræna húsið

Bókasöfn sem tengjast kennslu í norrænum tungumálum eru til húsa á skrifstofum viðkomandi lektors (danska, finnska, norska og sænska) í Norræna húsinu. Útlán eru eingöngu með leyfi lektors.

Nýi Garður

Bókastofa enskukennslu á 2. hæð er handbókasafn kennara og nemenda í enskuskor.

Nýi Garður

Bókastofa Hugvísindastofnunar á 3. hæð er lokað handbókasafn kennara í hugvísindadeild.

Raunvísindastofnun Háskólans

Safnið er handbókasafn starfsmanna stofnunarinnar.

Verkfræði- og raunvísindadeild

Bókasafnið í VRÍI við Hjarðarhaga var opið kl. 07:00-21:00 og kl. 07:00-18:00 um helgar. Í VRÍII er handbóka- og tímaritasafn kennara í raunvísindum.

Önnur verkefni

Unnið var að uppfærslu handbókar starfsmanna upplýsingadeildar og lögð drög að verklagsreglum fyrir nokkra starfsþætti innan deildarinnar. Gerð var einföld könnun á viðhorfi starfsmanna H.Í. til áskrifta á rafrænum tímaritum.

Útlánadeild

Markmið útlánadeildar er að sjá um lánastarfsemi bókasafnsins og gæta þess að fylgt sé settum reglum í því efni. Útlánadeild hefur umsjón með aðföngum til sviðsins og flokkun, skráningu, lykklun og frágangi ritakostsins. Deildin starfrækir m.a. námsbókasafn fyrir Háskóla Íslands og sér um almenna upplýsingaþjónustu á 2., 3. og 4. hæð, varðveitir safn lokaritgerða nemenda við Háskóla Íslands og hefur umsjón með bókarýmum á opnu rými og í geymslum. Deildin hefur jafnframt umsjón með lesrýmum og úthlutun lesherbjergja.

Afgreiðslutími

Fyrstu fimm mánuði ársins var safnið opið tæpa 80 tíma á viku. Sumartími var í gildi frá 21. maí til 13. ágúst og var safnið þá opið 44 tíma á viku. Í september var afgreiðslutíminn stytur vegna ákvörðunar Háskóla Íslands að hætta að leggja til fjármagn til að halda safninu opnu fjögur kvöld í viku til kl. 22 og á sunn-


dögum frá og með haustmísserinu. Einungis var opið til kl. 22 á miðvikudögum og nam skerðingin alls um 14 tímum á viku. Í byrjun nóvember gerðu Háskóli Íslands og Landsbókasafn með sér nýtt samkomulag og frá 8. nóvember var á ný opið til kl. 22 fjögur kvöld í viku eða alls tæpa 75 tíma á viku.


Notendaþjónusta/afgreiðsla

Hin almenna notendaþjónusta safnsins er bæði í höndum útlánadeildar og upplýsingadeildar sem hafa samvinnu um hana og skipta með sér verkum. Upplýsingadeild sér um sérhæfða upplýsingaþjónustu, heimilda- og tölvuleitir, notendafræðslu, bæklingagerð o.fl. Útlánadeild sér um almenna upplýsingaþjónustu og ýmsa aðra þætti sbr. hlutverkslýsingu hér að ofan. Vaktstöðvar útlánadeildar í safninu eru fjórar. Á 2. hæð er almenn afgreiðsla. Á 3. hæð eru veittar upplýsingar um blaða- og tímaritakost safnsins og lokaritgerðir nemenda við Háskóla Íslands. Á 4. hæð eru veittar upplýsingar um bókakost safnsins, og veitt þjónusta við notendur tón- og myndsafns. Þar er og námsbókasafn á opnu rými. Í kjallara eru afgreidd rit sem safngestir biðja um úr geymslum.

Útlán

Árið 2004 voru tölvuskráð útlán 67.591 (sjá súlurit), þar af voru útlán í námsbókasafni 2.406 og í tón- og myndsafni 2.530. Í útibúum safnsins voru útlán 1.783 og útlán alls voru því 69.374. Nemendur Háskóla Íslands tóku eins og fyrri ár flest rit í lán eða um 59%, almennir lánþegar um 16%, starfsmenn HÍ um 12% og aðrir háskólanemar um 7%. Lánþegar voru alls 5.950 í lok árs.





Útgáfa

Nokkur útgáfa á bæklingum á sér stað innan deildarinnar og eru þeir helst ætlaðir lánþegum safnsins.

Deildin gaf út ný bókamerki með þar til gerðri eyðu fyrir skiladag. Um var að ræða fimm mismunandi merki með myndum af rússneska rithöfundinum Antoni Tsjechov ásamt tilvitnun úr verkum hans. Tílefnið var að 100 ár voru liðin frá andláti Tsjechovs.

Ritakostur

Flest rit útlánadeildar eru á opnu rými á 4. hæð safnsins en hluti ritakostsins er í geymslum í kjallara hússins. Ekki eru öll rit lánuð út og má þar nefna rit sem gefin voru út fyrir 1910, tímarit, handbækur, barnabækur, þýdda reyfara, smáprent og að sumu leyti stofnana-prent.





Lesrými

Í Þjóðarboðhlöðu eru um 700 sæti fyrir þá sem vilja hafa afnot af gögnum safnsins með einum eða öðrum hætti. Á 3. og 4. hæð er almennt lesrými með 408 lessætum við borð (með eða án tölvu), þar af 20 sæti í hópvinnuherbergjum. Þar eru einnig rúmlega 80 lágsæti, sum við lágborð og sum í tón- og myndsafni. Lesrýmið er mest notað af nemum Háskóla Íslands og er því nýting eðlilega mest á próftímum. Einnig er góð nýting meðan kennsla stendur yfir.

Í safninu eru 28 lesherbergi sem safngestir geta fengið afnot af til ákveðins tíma. Mikil eftirspurn er eftir þessum herbergjum og eru þau nánast fullnýtt bæði á veturna og á sumrin. Alls höfðu 94 safngestir afnot af lesherbergi á árinu og höfðu þeir að meðaltali afnot af herbergi í rúma þrjá mánuði. Eitt lesherbergi er ætlað fötluðum og annað sjónskertum til almennrar notkunar. Þessum herbergjum er úthlutað í samvinnu við Námsráðgjöf H.Í., og eru þau samnýtt af fleiri en einum notanda í einu.

Talningar

Til að fylgjast með nýtingu lessæta á 3. og 4. hæð er fjöldi gesta talinn reglulega, þ.e. á kvöldin, um helgar og að degi til í fyrstu viku hvers mánaðar. Niðurstöður koma fram í eftirfarandi línuritum.



Námsbókasafn

Námsbókasafnið er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem kennarar við Háskóla Íslands hafa óskað eftir að sé aðgengilegt nemendum í tengslum við tiltekin námskeið sem eru kennd við Háskólann. Námsbókasafnið er einungis starfrækt að vetri til og er það á opnu rými á 4. hæð safnsins. Gögn námsbókasafnsins voru ýmist til notkunar á staðnum, á dægurláni, þriggja daga láni, vikuláni eða tveggja vikna láni. Það ber að hafa í huga sífellt fleiri kennarar kjósa að hafa efni á námsbókasafni aðeins til notkunar á staðnum.

Aðföng rita og annarra gagna

Við skipulagsbreytingar í lok árs 2003 færðust ritakaup safnsins að mestu leyti yfir til útlánadeildar. Þjóðdeild annast þó kaup á erlendum ritauka sem varðar Ísland. Verkefni einingarinnar felast í uppbyggingu ritakosts, bæði erlends og íslensks, í þágu háskólanáms og rannsókna. Um er að ræða val og kaup á bókum,

tímaritum og öðru efni, svo sem tónlist, mynddiskum og rafrænu efni. Einingin hefur einnig umsjón með ritaskiptum og sér um móttöku og úrvinnslu gjafa er safninu berast. Erlend rit og önnur safngögn sem berast bókasafninu eru aðallega þöntuð til kennslu og rannsókna við Háskóla Íslands, einnig rit sem berast með ritaskiptum eða sem gjafir og eins eru erlendar handbækur og önnur gögn keypt til safnsins.

Ritakaup H.Í.

Árið 2004 var fjárveiting frá einstökum deildum Háskóla Íslands til safnsins vegna ritakaupa sem hér segir: guðfræðideild 230 þús.; lagadeild 3,5 millj.; viðskipta- og hagfræðideild 4,5 millj.; hugvísindadeild 5 millj.; lyfjafræðideild 1,2 millj.; tannlæknadeild 1 millj.; verkfræðideild 3 millj.; raunvísindadeild 10 millj.; félagsvísindadeild 8,3 millj. eða samtals 36,73 millj. Þessu fé er ráðstafað í uppbyggingu ritakosts á fræðasviði deildanna í samvinnu við bókasafnsfulltrúa og / eða háskólakennara eftir atvikum, en talsverður hluti þessa fjár fer í tímaritakaup. Mikil áhersla er lögð á virkt samband við deildir háskólans.

Gjafir

Samkvæmt venju bárust safninu margar góðar gjafir. Árni Blandon gaf safninu tæplega tvö hundruð bækur á sviði bókmennta, Bóksala stúdenta sendi safninu um eitt hundrað nýjar gjafabækur á ýmsum sviðum, Norræna húsið gaf á annað hundrað nýjar bækur á Norðurlandamálum á ýmsum fræðasviðum og sömuleiðis gaf Skúli Sigurðsson yfir hundrað bækur á sviði vísinda og sagnfræði. Ungverska menningarfélagið á Íslandi færði safninu yfir eitt hundrað bækur og myndbönd, aðallega ungerskar bókmenntir og rit um ungersk málefni, bæði á ungersku og ensku. Góðar bækur á sviði lögfræði bárust að gjöf úr dánarbúi Gunnars G. Schram. Einnig bárust gjafir frá fjölmörgum öðrum.

Ritaskipti

Hefðbundnum ritaskiptum var haldið uppi við örfáar erlendar stofnanir en sá þáttur fer óðum minnkandi.

Flokkun og skráning erlendra gagna

Við skipulagsbreytingar í lok árs 2003 færðist flokkun og skráning erlendra gagna til útlánadeildar. Meginverkefni voru efnisgreining (efnisflokkun/efnislyklun) og bókfræðileg skráning gagna skv. alþjóðlegum og íslenskum stöðlum þannig að þessar upplýsingar verði aðgengilegar notendum í tölvukerfinu Gegni.

Yfirfærsla Fengs

Gögn úr bókasafnskerfinu Feng voru flutt yfir í Gegni á árinu. Starfsmenn Borgarbókasafns, Landsbókasafns og Landskerfis bókasafna unnu við gerð forsnar og prófun gagna fyrir flutninginn. Sameining grunnanna var gerð í tveimur áföngum. Í fyrri sameiningunni, í mars, runnu saman um 40 þúsund bókfræðifærslur, í seinni sameiningunni í október, runnu saman um 8 þúsund færslur auk þess sem paraðar voru um 5 þúsund færslur eftir sameiningarlistum sem unnir voru af skrasetjurum aðildarsafna Gegnis.









Listaverk eftir Erró








Listaverk eftir Erró

Lykiltölur Landsbókasafns og ýmis tölfræði

Fram til þessa hefur ýmis tölfræði um starfsemi safnsins verið birt í 14 töflum í ársskýrslu safnsins og hafa litlar breytingar verið gerðar á innihaldi og formi þeirra frá því safnið hóf starfsemi sína. Þótt þessi tölfræði gefi nokkuð góða hugmynd um umfang starfseminnar skortir verulega upplýsingar um ýmsa þjónustubætti safnsins og að tekið sé tillit til þeirra breytinga sem stafrænn safnkostur og aðgangur að honum veldur. Því hefur verið ákveðið að skilgreina betur lykiltölur Landsbókasafns, þ.e. þær tölur sem safnið notar einkum til að mæla starfsemi sína og fylgjast með því hvort safnið er að ná markmiði sínu sem þekkingarveita. Lykiltölur sýna notkun á helstu vefjum safnsins, þ.m.t. hvar.is, fjölda hópa og gesta í safnkennslu, nýtingu lessæta á 3. og 4. hæð safnsins og framleiðslu á stafrænu efni. Samræmd mæling á aðalvef safnsins og vefnum timarit.is hófst í nóvember 2004 og því eru notkunartölur ekki birtar hér.





Tafla 1: Aðföng 2000–2004

Skylduskil ¹	2000	2001	2002	2003	2004
Bækur (rit skráð sem bækur)	6.368	5.847	5.744	5.510	5.578
Tímarit (hefti)	10.507	9.315	8.142	8.070	7.737
Blöð (tölublöð)	8.126	7.185	7.128	6.773	8.177
Ársskýrslur	943	812	801	797	581
Veggspjöld	700	437	668	596	660
Landakort	65	166	80	188	180
Smælki	10.832	11.555	11.637	12.802	12.060
Hljóðrit ²	420	224	358	404	610
Myndbönd ³					2
Mynddiskar (DVD) ⁴					5
Hljóðbækur					30
Margmiðlunardiskar (CD-ROM)					9

Önnur aðföng	2000	2001	2002	2003	2004
Íslensk tímarit, keypt	125	130	114	110	102
Íslensk tímarit, gjafir	40	40	45	45	35
Erlend tímarit, keypt í Lbs.	1.578	1.602	1.466	1.420	1170
Erlend tímarit, keypt af stofnunum háskólans	100	80	70	55	45
Erlend tímarit, gjafir/ritaskipti	900	870	850	800	650
Eldri tímarit, árgangar	500	880	520	1.265	780
Geisladiskar (CD-ROM), titlar í áskrift	17	10	8	5	0
Bækur, keyptar	9621	4.277	3.761	3.064	3.020
Bækur, gjafir/ritaskipti	3.464	3.742	6.528	2239	2.296
Myndbönd og mynddiskar, keypt	306	204	158	99	155
Myndbönd og mynddiskar, gjafir	21	5	29	12	28
Geisladiskar (CD-ROM), keyptir titlar, stakir	27	33	35	19	0
Geisladiskar (CD-ROM), gjafir	(3)	6	16	8	7
Hljóðrit, keypt	185	64	108	29	250
Hljóðrit, gjafir	(1)	3	34	81	51

Tafla 2: Skráning

Við skipulagsbreytingar í safninu haustið 2003 var skráningardeild lögð niður og skráningu skipt þannig að skráning erlendra aðfanga er hjá þjónustusviði, skráning íslenskra rita í þjóðdeild og skráning handrita í handritadeild. Með tilkomu nýs bókasafnskerfis í umsjón Landskerfis bókasafna lauk umsjón Landsbókasafns með því bókasafnskerfi sem rekið var fyrir háskóla og ýmis sérfræðisöfn. Sameining bókasafnskerfa í nýju kerfi reyndist mjög tímafrek og einnig þurfti að leggja mikla vinnu í að samræma og leiðrétta gögnin. Starfsmenn safnsins hafa unnið ótúllega við það. Ekki er búið að ákveða hvernig best er að birta tölfræðiupplýsingar fyrir nýja kerfið og því eru ekki settar fram tölur um skráningu og annað framlag Landsbókasafns til hins nýja bókasafnskerfis, en skylt er að geta þess að það var ærið.

¹ Hér eru talin þau þrjú eintök sem varðveitt eru í Landsbókasafni. Að því er varðar dagblöð, hljóðbækur og margmiðlunardiska eru einnig talin þrjú eintök en tvö eintök að því er varðar smælki og veggspjöld.

² Þ.e. eintök; samtals 442 titlar, flestir útgefnir 2004 og 2003. Hér eru taldir með 97 titlar af *Islandica extranea* og 93 titlar með „eigin efni“ sem einstaklingar, kórar og hljómsveitir hafa gefið út sjálfir.

³ Þ.e. titlar, bærust frá útgefendum. Myndbönd hafa enn ekki borist frá Kvikmyndasafni Íslands.

⁴ Þ.e. titlar, bærust frá útgefendum. DVD-diskar hafa enn ekki borist frá Kvikmyndasafni Íslands.

Tafla 3: Fjöldi lánþega 1998–2004

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Stúdentar H.Í.	2.233	2.201	2.114	2.541	2.781	2.897	3.286
Kennarar H.Í.	647	650	652	559	555	684	584
Nemar utan H.Í.	758	712	666	697	619	638	761
Aðrir lánþegar	1.677	1.615	1.695	1.608	1.338	1.411	1.319
Samtals	5.315	5.178	5.127	5.405	5.293	5.630	5950

Tafla 4: Fjöldi útlána 1998–2004

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Stúdentar H.Í.	44.355	40.822	35.816	37.750	41.639	45.818	40.635
Kennarar H.Í.	8.469	9.151	9.373	10.814	13.951	13.105	8.436
Nemar utan H.Í.	5.238	6.258	5.307	5.412	4.910	6.260	5.685
Aðrir lánþegar	14.253	15.828	17.532	16.516	14.371	14.340	12.836
Samtals	72.315	72.059	68.028	70.492	74.871	79.523	67591

Tafla 5: Millisafnalán 1998–2004

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Til bókasafnsins							
Bækur, filmur o.fl.	1.561	1.367	1.163	1.138	984	1.043	1.147
Ljósrit	3.232	3.391	4.018	3.533	3.114	2.623	2.399
Frá bókasafninu							
Bækur, filmur o.fl.	368	298	432	329	321	349	465
Ljósrit	1.845	1.931	1.462	1.589	1.514	1.389	1379
Samtals	7.006	6.987	7.075	6.589	5.933	5.404	5390

Tafla 6: Þjóðdeild 1998–2004

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Fjöldi lána (þjóðdeild)	10.610	10.730	12.974	13.505	14.738	11.836	11.600
Fjöldi gesta ⁵	8.316	7.430	7.230	7.931	8.100	8.320	7.840

Tafla 7: Handritadeild 1998–2004

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Fjöldi skráðra aðfanga	106	76	100	60	49	58	30
Handritalán á lestrarsal	4.076	3.544	2.796	2.763	2.410	2.063	3.025
Lánuð handrit	14	75	24	61	7	11	67
Samtals	4.090	3.619	2.820	2.824	2.417	2.080	3.122

⁵ Á sameiginlegan lestrarsal handritadeildar og þjóðdeildar.

Tafla 8: Upplýsingaþjónusta 1998–2004

Fjöldi gesta	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Frumkynning H.Í.	1.225	1.220	1.360	1.350	1.540	1766	950
Framhaldskynning H.Í.	190	505	276	535	588	558	470
Aðrir skólar	186	45	–	80	310	59	
Aðrir gestir	250	150	274	80	123	19	6
Samtals	1.851	1.920	1.910	2.045	2.561	2.422	1.426

Fjöldi hópa	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Frumkynning H.Í.	38	33	32	37	31	40	26
Framhaldsfræðsla	11	19	11	20	22	22	22
Aðrir skólar	15	3	0	5	10	3	17
Aðrir hópar	15	11	25	6	18	8	4
Samtals	79	66	68	68	81	73	69

Bæklingar	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Nýir titlar	24	14	12	15	11	2	3
Endurútgáfa	28	31	33	33	34	28	26
Samtals	52	45	45	48	45	30	29

Tafla 9: Þjónusta í tón- og myndsafni 1998–2004

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Fyrirspurnir		28	30	40	48	36	43
Hljóðrit – hlustun	1.162	1.380	968	923	743	749	785
Hljóðsnældur – útlán		34	416	311	417	1052	341
Myndbönd – áhorf	1.046	1.080	919	1.323	982	1080	803
Myndbönd – útlán	1.587	1.976	2.526	4.116	4.999	2104	1.810
Nótur – útlán	536	566	640	227	640	716	379
Samtals	4.331	5.764	5.499	6.940	7.829	7.829	4.161

Tafla 10: Myndastofa 2000–2004

Fjöldi örfilma	2000	2001	2002	2003	2004
Dagblöð	77	76	92	90	71
Bækur	5	4	2	0	0
Handrit	7	2	1	0	0
Samtals	89	82	95	90	71
Stafrænar myndir ⁶			34.273	130.420	304.152

⁶ Ný stafræn myndavél var tekin í notkun í ágúst 2003

Tafla 11: Bókbandsverk 1999–2004

	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Einingar	26.987	19.761	31.885	36.744	41.963	41.527

Tafla 12: Yfirlit yfir stöðugildi áráanna 1998–2004

Deildir	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Skrifstofa landsbókavardar	6,75	7,00	7,00	6,00	6,00	6,50	7,90
Sýningarhald		1,80	0,80	0,50	0,50	0,75	0
Fatahengi	1,24	2,10	2,10	2,10	2,10	2,10	0
Kerfisþjónusta	2,00	1,00	1,00	1,00	1,00	0,00	0
Tölvuþjónusta	1,10	2,00	2,80	2,30	3,80	3,80	5,80
Þjóðdeild	7,60	6,50	6,20	7,20	7,40	7,40	22,75
Handritadeild	4,00	5,00	4,00	4,00	4,00	4,50	7,75
Aðfangadeild	13,05	13,20	11,55	11,62	14,05	11,55	0
Skráningardeild	15,60	15,82	15,12	17,12	15,12	14,22	0
Útlánadeild	11,05	14,63	13,85	15,00	14,62	13,31	17,50
Upplýsingadeild	5,12	5,39	5,62	5,50	5,50	5,50	11,65
Rafræn gögn ⁷				1,00	1,00	1,00	1,00
Kvinnasögusafn Íslands	0,75	0,80	0,80	1,00	1,00	1,00	1,00
Bókband	2,75	3,00	3,50	4,50	3,30	3,00	4,00
Myndastofa	2,00	1,50	2,00	2,00	1,50	1,50	5,17
Viðgerðarstofa	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00
Fjölföldun	0,70	1,00	1,00	1,00	1,00	1,00	0,00
Útibú	5,03	4,58	4,43	4,43	4,05	3,96	3,90
Varaeintakasafn				2,00	1,50	1,50	0
Húsrekstur	4,42	4,42	4,42	4,42	4,42	4,25	4,25
Skylduskil rafrænna gagna						2,00	0
VESTNORD		1,50	2,30	2,80	2,30	2,64	0
Samtals stöðugildi	99,31	98,49	94,75	96,52	95,16	92,48	93,67

Við skipulagsbreytingar í safninu haustið 2003 var safninu skipt í 3 svið. Aðfangadeild og skráningardeild voru lagðar niður og starfsmenn þeirra skiptust á aðrar deildir. Taflan sýnir hvernig stöðugildi skiptast milli helstu starfs- eininga safnsins en til glöggvunar eru fyrri einingar einnig sýndar.

Flokkun starfsmanna	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Bókasafnsfræðingar	34,92	34,04	34,37	36,60	36,85	33,15	33,45
Aðrir háskólamenntaðir	24,58	29,13	25,64	25,40	25,42	25,20	25,94
Aðstoðarfólk	33,11	29,32	27,43	27,72	25,79	28,13	29,28
Tæknifólk	6,70	6,00	7,30	6,80	7,00	6,00	5,0
Samtals stöðugildi	99,31	98,49	94,74	96,52	95,16	92,48	93,67

⁷ Umsjón með landssamningum um aðgang að rafrænum gögnum

Tafla 13: Rekstrargjöld 1998–2004 (í þús. króna)

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Laun	203.229	214.719	229.101	278.566	305.046	312.242	319.102
Ritakaup	62.609	58.964	82.503	106.791	104.812	108.625	110.946
Önnur gjöld	121.815	119.735	136.037	181.697	129.197	171.609	144.317
Samtals	387.653	393.418	447.641	567.054	539.055	592.476	574.365

Hlutfallstölur	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Laun	52,4	54,6	51,2	49,1	56,6	52,7	55,6
Ritakaup	16,2	15,0	18,4	18,8	19,4	18,3	19,3
Önnur gjöld	31,4	30,4	30,4	32,0	24,0	29,0	25,1

Tafla 14: Rekstrarreikningur 2004 (í þús. króna)

Gjöld	
Laun	319.102
Rekstur húsnæðis	57.197
Ritakaup	64.394
Landsaðgangur að stafrænum gögnum og tímaritum	46.538
Kostnaður vegna bókasafnskerfa (Landskerfi bókasafna og fleira)	21.420
Rekstur tölvu- og tækjabúnaðar	15.986
Önnur gjöld	49.728
Samtals	574.365
Tekjur	
Framlag Háskóla Íslands til ritakaupa	36.730
Innheimt vegna landsaðgangs að stafrænum gögnum og tímaritum	28.110
Aðrar tekjur	44.525
Af fjárlögum	461.567
Rekstrahalli	3.433
Samtals	574.365



